S400

Canon
Bókhladan
NÝHERJI
• A4 fatalitaprentari.
(USB & PARALLEL).
• 4ra hylkja kerfi. (single ink)
• 9 bls. á mín í svÞhv.
• 4 bls. á mín í lit.
• 1440x720 dpi upplausn.
• Arkamatari fyrir 100 bls.
• Stær:541Bx308x178mm. Þyngd: 3,7kg.
• Hljóð (Noise Level) : u.þ.b. 45 db (A).
• Bleck Modulation tækni.
• Hugbúnaður: Windows 95/98/2000/NT 4.0.
Mac OS 8.1/G3/G4 og iMac m/USB.

ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Miðvikudagur 6. febrúar 2002 • 6. tbl. • 19. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Veffang www.bb.is • Verð kr. 200 m/vsk

„Vestfirðingar hafa allt til brunns að bera ...“

– sjá viðtal í miðopnu við Pröst Óskarsson, framkvæmdastjóra Heilbrigðisstofnunarinnar Ísafjarðarbæ

Norðan stormur gekk yfir Vestfirði

Mikil ófærð innanbæjar á Ísafirði

Norðan stormur gekk yfir Vestfirði um síðustu helgi með mikilli ofankomu. Allir vegir utan þéttbýlis voru ófærir á laugardag og sunnudag vegna snjóa og víða var illfært í þéttbýli. Snjóflóð féll á Hnífsdalsveg á laugardag og var vegurinn ekki opnaður fyrr en daginn eftir.

Víða varð rafmagnslaust vegna bilunar í Vesturlínu og vegna bilunar í streng innanbæjar á Ísafirði. Rafmagn var komið á alla staði á sunnudag nema í Árneshreppi en þar komst rafmagn á sunnudagskvöld. Meðfylgjandi mynd var tekin yfir Jónsgarð á Ísafirði að afloknum storminum.





Ísafjörður

Júlíus með 86 milljóna króna aflaverðmæti

Frystitogarinn Júlíus Geirmundsson ÍS 270 kom til hafnar á Ísafirði í morgun með 420 tonn upp úr sjó að verðmæti um 86 milljónir króna.

Skipið hafði verið að veiðum frá 2. janúar og var uppistaðan í aflanum þorskur og grálúða. Aflinn fékkst aðallega á Austfjarðarmiðum. Skipstjóri í veiðiferðinni var Ómar Ellertsson. Júlíus heldur á ný til veiða á laugardag.

Ísafjörður

Þjónusta kynnt fyrir eldri borgumum

Ísafjarðarbær hefur gefið út kynningarbækling þar sem þjónusta sveitarfélagsins við elli- og örorkulífeyrisþega er kynnt. Skóla- og fjölskylduskrifstofa Ísafjarðarbæjar hafði umsjón með gerð bæklingsins og segir Margrét Geirsdóttir, ráðgjafi á Skóla- og fjölskylduskrifstofunni, að með bæklingnum sé búið að koma öllum upplýsingum á einn stað og sömuleiðis samræma þær upplýsingar sem fyrir lágu. Gerð er grein fyrir hlutverki og skyldum Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar gagnvart þessum hópi og þeim réttindum sem honum ber skv. lögum.

Þá er sagt frá því í bæklingnum, með hvaða hætti þjónustan er í hverjum byggðakjarna Ísafjarðarbæjar og viðkomandi aðilar hvattir til að kynna sér þá þjónustu sem sveitarfélagið býður upp á, t.d. hvaða þjónusta býðst án endurgjalds og hvaða þjónusta er niðurgreidd af hálfu Ísafjarðarbæjar. Segir Margrét að bæklingurinn verði sendur til allra íbúa Ísafjarðarbæjar, 67 ára og eldri, svo og til örorkulífeyrisþega.

Óánægja með takmarkaðar upplýsingar í rafmagnsleysinu

Ekki svarað í síma hjá Orkubúinu

Allmargir hafa haft samband við blaðið og látið í ljós óánægju með takmarkaðar fréttir af rafmagnsmálum á Ísafirði og víðar hér um slóðir í kjölfar rafmagnstruflana á svæðinu um helgina. Margir reyndu að hringja í Orkubú Vestfjarða til að fá upplýsingar en þar var ekki svarað í síma þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

Aðspurður um kvartanirnar, segir Kristján Haraldsson orkubússtjóri að því miður hafi af einhverjum ástæðum misfarist að tryggja að einhver yrði á skiptiborðinu um helgina til að veita viðskiptavinum Orkubúsins upplýsingar um stöðu mála. Hann segir jafnframt að í framhaldi af umræðum um þessi máli fyrir fáeinum árum síðan, þá hafi upplýsingaþjónusta Orkubúsins verið skoðuð sérstaklega í því skyni að bæta hana og ákveðnar starfsreglur settar í framhaldi af því.

Kristján segir að Orkubúið hafi síðan starfað eftir þessum reglum og jafnan hafi einhver verið á skiptiborðinu til að upplýsa viðskiptavini um gang mála ef upp hafa komið sambærilegar aðstæður og nú um helgina. Engu að síður hafi eitthvað farið úrskeiðis um helgina sem olli því að ekki var svarað í upplýsingasíma Orkubúsins og segir Kristján að málið verði kannað og með öllum hætti reynt að koma í veg fyrir að slík mistök endurtaki sig. Þannig á að vera öruggt að viðskiptavinum sé svarað í síma 450 3211 þegar um miklar rafmagnstruflanir er að ræða.

Orkubú Vestfjarða.

Áætlunarferðir Flugfélags Íslands til Ísafjarðar

Nær helmingur flugferða hefur fallið niður í janúar vegna veðurs

Veðrið hefur reynst Flugfélagi Íslands erfitt í skauti það sem af er árinu og hafa niðurfellingar og breytingar á áætlun verið mun meiri en í meðalári. Sérstaklega hefur ástandið verið erfitt á Vestfjörðum og hafa margar flugferðir til Ísafjarðar fallið niður. Þannig voru t.d. á fyrstu 24 dögum ársins felldar niður 20 flugferðir af um 45 uppsettum til Ísafjarðar.

Til samanburðar má nefna að á sama tíma á síðasta ári voru felldar niður tíu ferðir en þá voru einnig fleiri ferðir eða um 55 uppsettar. Hlutfall niðurfelldra ferða hefur því verið óvenjuhátt í janúar og að sama skapi hefur færð á vegum verið góð þannig að samkeppnisstaða flugsins hefur verið erfið.

Á fimmtudag í síðustu viku átti að taka gildi ný flugáætlun Flugfélags Íslands en henni hefur verið frestað um tæpar þrjár vikur þar sem flugvélar félagsins eru að fara í skoðun. Því verður áfram flogið samkvæmt vetraráætlun, eða til 18. febrúar nk., en þá færist flug frá Reykjavík fram um eina klukkustund.

Héraðsdómur Vestfjarða dæmir 44 ára karlmann í eins mánaðar skilorðsbundið fangelsi

Ógnaði manni með haglabyssu

Karlmaður á 44 aldursári var á föstudag dæmdur í eins mánaðar skilorðsbundið fangelsi fyrir Héraðsdómi Vestfjarða fyrir að hafa meðhöndlað haglabyssu inni í íbúðarhúsi á Ísafirði í september 2000, undir áhrifum áfengis, þar sem annað fólk var samankomið og haft í frammi hótun um að fremja refsiverðan verknað með því að beina hlaupi haglabyssunnar að einum viðstaddra, en framferði ákærða var til þess fallið að vekja ótta um líf sitt og velferð hjá þeim sem byssunni var beint að. Þá mun ákærði hafa vanrækt að geyma haglabyssuna og önnur skotvopn sem voru í húsinu og voru í hans vörslu í læstri hirslu.

Ákærði viðurkenndi fyrir Héraðsdómi að hafa handleikið skotvopnið ölvaður, en neitaði að hafa notað það til að hóta kæranda með því. Hann sagðist hafa tekið vopnið um nóttina úr fataskáp í íbúð sinni, þar sem hann hafi venjulega geymt það og hafi haft í hyggju að sýna vopnið leigjanda á neðri hæð hússins, en hann hafi reynst fjarstaddur. Hann hafi tekið byssuna úr pokanum er ofan var komið. Þar hafi hann mætt einhverjum mönnum í þröngum ganginum. Hafi þeir orðið órólegir er þeir sáu byssuna. Hafi hann þá rekið fingur í hnapp, sem loki valsi á byssunni með smelli. Hafi kærandi trúlega orðið hræddur við að heyra smellinn. Hann hafi síðan gengið inn í stofu í kjallaraíbúðinni og sest þar í stól, en síðan farið og gengið frá byssunni.

Í niðurstöðu dómsins segir: „Á það verður fallist að í háttsemi ákærða hafi falist hótun sem hafi verið til þess fallin að valda kæranda, sem ekki gat vitað hvort byssan væri hlaðin eða ekki, ótta um líf sitt og heilbrigði. Fellur háttsemi ákærða undir verknaðarlýsingu 233. gr. almennra hegningarlaga og hefur hann unnið sér til refsingar samkvæmt því.“ Ákærði var því dæmdur í eins mánaðar fangelsi, en fresta skal fullnustu refsingar og hún falla niður að tveimur árum liðnum frá uppsögu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð. Upptæk var gerð til ríkissjóðs Browning gold haglabyssa. Þá var ákærða gert að greiða kr. 90.000 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns. Dóminn kvað upp Erlingur Sigtryggsson, héraðsdómari.

Upp á þína!

LEIÐARI

„Ábyrgð stjórnenda eykst,“ segir Valgerður Sigurðardóttir, viðskipta- og iðnaðarráðherra um þá fyrirætlan stjórnvalda að gera RARIK að hluta félagi. Já, ábyrgð stjórnenda eykst við það að gera ríkis fyrirtæki að hluta félögum. Það er málið!

Stjórnendur hlutafélagins Landssímans, sem erfiðlega virðist ganga að koma úr eigu ríkisins, eru sagðir hafa áttað sig á áhættunni sem fylgdi fjárfestingu í @IPbell og því tekið fjögurra milljóna dollara tapi með bros á vör við gjaldþrot þess. Og eftir einum þeirra er haft, að þessir peningar hafi ekki tapast að öllu leyti, þar sem á móti komu lægri skattar til eigandans, ríkissjóðs! Fjármálasnilli af þessari gráðu hlýtur að flokkast undir sérfræðiráðgjöf og verðleggjast sem slík! Hvað með samning sem leiddi til 37 milljóna kveðjubréfs til fyrrverandi forstjóra Landssímans. Jafnvirði lágmarksgreiðslu til ellilífeyrisþega í 154 ár !!!

Er undrunarefni að orðræða viðskipta- og iðnaðarráðherra, um aukna ábyrgð stjórnenda ríkisfyrirtækja við háeffun þeirra, hljómi sem innantómt skrum? Hvar sýnir það sig að einhver beri ábyrgð? Öðru nær. Ábyrgð fyrirfinnst engin. Stjórnarmenn Landssímans og ráðherra afgreiða málið með alvörusvip: Þetta var upp á þína, (þjóðarinnar). Meira kaffi, takk! Næsta mál á dagskrá.

Sigurvíman, sæl og góð

Landsliðið í handbolta kom til landsins á mánudag eftir frækilega frammistöðu á Evrópumeistaramótinu í Svíþjóð: Besti árangur Íslendinga í flokkaíþrótt á erlendum vettvangi; langt fram úr öllum væntingum.

Er nema von að þjóðin umpólist í sigurvímu? Áfram Ísland!

Það sér enginn eftir framlagi sex þúsund einstaklinga, stórmyndarlegu framlagi fyrirtækja og ríkisstjórnartékkanum til stuðnings þessa vaska liðs, sem áreiðanlega á eftir að auka hróður landsins enn frekar er fram líða stundir. Nei, áreiðanlega enginn. Allir glaðir og hróðugir.

En: Munum við bara eftir strákunum okkar þegar vel gengur?

Það kann að sýnast auðvelt að útdeila peningum annarra. Frammi fyrir þeirri freistni standa sveitarstjórnarmenn, alþingismenn og ekki síst ráðherrar, iðulega. Vandi fylgir vegsemd. Opinberir sjóðir og eigur ríkisfyrirtækja eru almannaeign, a.m.k. hefur svo verið talið hingað til.

Hver verða viðbrögðin þegar víman rennur af okkur og við blasa knýjandi verkefni út um allt þjóðfélagið, stór og smá?

Grípum við þá umsvifalaust til tékkheftisins?

s.h.

Frá útgefendum:

Umboðsaðilar BB

Eftirtaldir einstaklingar sjá um sölu og dreifingu á BB á þéttbýlisstöðum utan Ísafjarðar: **Bolungarvík:** Nikólína Þorvaldsdóttir, Hjallastræti 38, sími 456 7441. **Súðavík:** Sindri V. Gunnarsson, Holtagötu 11, sími 456 4982. **Suðureyri:** Deborah Anne Ólafsson, Aðalgötu 20, sími 891 7738. **Flateyri:** Gunnhildur Brynjólfsdóttir, Brimnesvegi 12a, sími 456 7752. **Þingeyri:** Selma Rut Sófusdóttir, Hlíðargötu 40, sími 456 8269.

Útgefandi: H-prent ehf. Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564 • ***Netfang prentsmiðju:*** hprent@bb.is • ***Ritstjóri:*** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, netfang: bb@bb.is • ***Ritstjóri netútgáfu:*** Hlynur Þór Magnússon, símar 456 7322 og 892 2240, netfang: blm@bb.is • ***Blaðamaður:*** Guðfinna M. Hreiðarsdóttir, sími 456 4448, netfang: umbrot@bb.is • ***Ljósmyndari:*** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, netfang: halldor@bb.is • ***Fréttavefur:*** www.bb.is • ***Lausasöluverð*** er kr. 200 eintakið m. vsk. • ***Áskriftarverð*** er kr. 170 eintakið • Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti • Eftirprentun, hljóðritun, notkun ljósmynda og annars efnis er óheimil nema heimildar sé getið.

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, og Guðni Geir Jóhannesson, forseti bæjarstjórnar, tóku á móti þeim Grétari Þorsteinssyni og Gylfa Arnbjörnssyni og gáfu þeim Primus, próteindrykk sem framleiddur er af Mjólkursamlagi Ísfirðinga. Sagðist bæjarstjórinn halda að þeim félögum veitti ekki af orkunni þar sem þeir þeystu nú á skaflajárnum um allt land í baráttunni við verðbólgudrauginn.

ASÍ og Ísafjarðarbær funduðu um aðgerðir gegn verðbólgu

Ísafjarðarbær hefur fullan vilja til að leggja sitt af mörkum

Á fimmtudag í síðustu viku áttu þeir Grétar Þorsteinsson, forseti Alþýðusambands Íslands, og Gylfi Arnbjörnsson framkvæmdastjóri ASÍ fund með forsvarsmönnum Ísafjarðarbæjar þar sem til umræðu voru viðnámsaðgerðir gegn verðbólgunni en verkalýðshreyfingin hefur að undanförnu hvatt sveitarfélög til að taka þátt í átaki sem miðar að því að verðlagsbreytingar verði innan rauða striksins sem hefur verið skilgreint 1. maí.

Gylfi Arnbjörnsson segir að þeir Grétar hafi átt ágætan fund með bæjarstjóra og forseta bæjarstjórnar og ekki sé hægt að segja annað en að þeir hafi fengið jákvæðar móttökur á Ísafirði, líkt og í öðrum sveitarfélögum sem þeir félagar hafa heimsótt að undanförnu. Í þessum heimsóknum hafa aðilar skipst á skoðunum og í öllum tilvikum hafa þeir fulltrúar sveitarfélaganna sem rætt hefur verið við sýnt áhuga á þátttöku í átakinu. Gylfi segist ekki eiga von á öðru en tekið verði jákvætt á málunum hjá Ísafjarðarbæ, þar sé þegar verið að endurskoða áður samþykktar hækkanir á þjónustugjöldum og að því loknu muni bæjarstjórn taka ákvörðun um málið.

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, tekur undir orð Gylfa um ágætan fund og segir ljóst að forsvarsmenn ASÍ hafi fullan skilning á stöðu sveitarfélaganna og hversu erfitt geti verið að draga til baka hækkanir sem þegar sé full þörf fyrir. Hins vegar mæli enginn á móti því að ástandið í þjóðfélaginu sé með þeim hætti að ekki dugir annað en samstillt þjóðarátak til að halda verðbólgunni í skefjum. Ísafjarðarbær hefur fullan vilja til að leggja sitt af mörkunum í því átaki og kannar nú hvort grundvöllur sé fyrir því að draga til baka áður samþykktar hækkanir á gjaldskrám og þjónustugjöldum sem tóku gildi 1. janúar síðastliðinn.

Átthagafélag Strandamanna endurvakið

Veglegt þorrablót haldið

Ákveðið hefur verið að endurvekja Átthagafélag Strandamanna eftir um sex ára hlé. Liður í endurvakningunni er fyrirhugað þorrablót átthagafélagsins laugardaginn 16. febrúar nk. en þar mun Sigmar B. Hauksson, landsþekktur kokkur og skotveiðimaður, sjá um veislustjórn. Ætlunin er að gæða sér á ljúfum þorramat og skoða skondin skemmtiatriði fram eftir kvöldi en þá tekur hljómsveitin Hjónabandið við sviðinu og leikur fyrir dansi endurvakinna Strandamanna fram á rauðan morgun. Miðaverði er stillt mjög í hóf, en það kostar aðeins 1500 krónur að taka þátt í herlegheitunum. Að auki fá stofnendur og heiðursfélagar (þeir er náð hafa 67 ára aldri) frían aðgang.

Átthagafélag Strandamanna var stofnað á Ísafirði 24. janúar 1960 að hvatningu Halldórs Ólafssonar frá Gjögri, Gríms Samúelssonar frá Miðdalsgröf, Hjartar Sturlaugssonar frá Snarartungu og Ragnheiðar Loftsdóttir frá Bólstað. Stofnfélagar voru 37 en smá saman bættist í hópinn og voru um 100 manns skráðir í félagið 1996 þegar seinustu fundir þess voru haldnir.

Starfsemi félagsins hefur verið á hefðbundnum átthagafélagsnótum: félagsvist, átthagamót á þorra og vel sóttar ferðir m.a. til Færeyja og víðar. Gjaldgengir í Átthagafélag Strandamanna eru allir þeir sem fæddir eru í Strandasýslu eða hafa búið þar um lengri eða skemmri tíma og eru nú búsettir á Ísafirði eða í nágrenni kaupstaðarins. Tilgangur félagsins var og er að efla samhug, samheldni og samstarf Strandamanna sem búsettir eru á svæðinu og víst er að það hefur tekist vel á þeim árum sem félagið hefur verið virkt. Á svokölluðum endurreisnarfundi er haldinn var í Bolungarvík þann 6. nóvember sl. var Kári Þór Jóhannson kjörinn formaður og geta áhugasamir Strandamenn geta nálgast hann í síma 456 4480 vilji þeir skrá sig eða forvitnast um störf félagsins.

ÍSAFJARÐARBÆR

STARFSMAÐUR ÓSKAST

Staða karlkyns baðvarðar í sundlaug við Austurveg er laus frá 1. mars nk. Umsóknarfrestur er til 20. febrúar nk. Umsóknum skal skila til Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar, Stjórnsýsluhúsinu.

25% auka-afsláttur á útsölunni! Komið og gerið góð kaup!

Nýjar vörur komnar í Jón og Gunnu

JÓN og GUNNA
Ljóninu, Skeiði, Ísafirði, sími 456 3464

LEGGUR OG SKEL fataverslun barnanna
Ljóninu, Skeiði, sími 456 4070



Heimsferðir
Terra Nova
Travel
LTU
CORSAIR
ICELANDAIR

SUMARBÆKLINGARNIR KOMA Á SUNNUDAGINN 10. FEB. 2002

FJÖLMARGIR ÁFANGASTAÐIR

OPIÐ 13-16

Opið mán. - fös.
kl. 9.00-17.00

ISÓ-FERÐIR
Hafnarstræti 7 • 400 Ísafjörður
Sími: 456 5390 • Fax: 456 5392
Netfang: iso@isotravel.is

Fasteignaviðskipti

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
Hafnarstræti 1 – Ísafirði
Símar: 456 3940 & 456 3244
Fax: 456 4547 – Netfang: tryggvi@snerpa.is

Einbýlishús / raðhús

Engjavegur 24: 126,4 m² einbýlishús á tveimur hæðum. **Frábær sólbaðsaðstaða. Laust 1. ágúst 2001.** Áhv. ca. 4,6 m.kr. **Verð 7,5 m.kr.**

Fagraholt 11: 140,6 m² fallegt einbýlishús í góðu standi á einni hæð ásamt bílskúr. **Verð 11,3 m.kr.**

Hafraholt 50: 138,4 m² Hosby einingahús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. **Verð 12,9 m.kr.**

Hjallavegur 4: 242 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Fallegt útsýni. **Skipti á minni eign möguleg Tilboð óskast**

Hjallavegur 19: 242 m² einb.hús á 2 hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. Sér íbúð á n.h. Ýmis skipti möguleg. Áhv. ca. 5 m.kr. **Verð 10,5 m.**

Hlíðarvegur 21: 157,5 einbýlishús á tveimur hæðum **Tilboð óskast**

Hlíðarvegur 25: 152,6 m² einbýlishús á tveimur hæðum. Húsið er mikið uppgert. Áhv. ca. 6,4 m.kr. **Verð 10,2 m.kr.**

Hlíðarvegur 37: 185,9 m² raðhús á þremur hæðum ásamt bílskúr og einstaklingsíbúð. Skipti á minni eign koma til greina. **Verð 10,2 m.kr.**

Hnífsdalsvegur 10: 120,9 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt grónum garði og eignarlóð **Laust fljótlega. Tilboð óskast**

Hrannargata 1: 238,9 m² einbýlishús á 2 hæðum ásamt kjallara, háalofti og ræktuðum garði **Tilboð óskast**

Hrannargata 8a: 78,1 m² einb.hús á tveimur hæðum ásamt eignarlóð. Húsið er uppgert að hluta. **Verð 4,6 m.kr.**

Lyngholt 10: 151,3 m² einb.hús á einni hæð ásamt 55,2 m² bílskúr. **Verð 12,9 m.kr.**

Seljalandsvegur 48: 188 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Skipti á minni eign koma til greina. Áhv. ca. 2 m.kr. **Verð 12,7 m.kr.**

Seljalandsvegur 72: 112 m² einbýlishús á tveimur hæðum, góður sólpallur. **Verð 8,2 m.kr.**

Urðarvegur 33: 306,3 m² glæsilegt einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. **Verð 16 m.kr.**

4-6 herb. íbúðir

Fjarðarstræti 14: 100 m² falleg 4ra herbergja íbúð á n.h. í tvíbýlishúsi ásamt 60m² kjallara og 27,8 m² geymsluskúr. Baklóð fylgir neðri hæðinni. Áhv. ca. 1,5 m.kr. **Verð 5,8 m.kr.**

Fjarðarstræti 38: 3-4ra herb. íbúð að hluta undir risi. Íbúðin er í góðu standi. **Tilboð óskast**

Pólgata 5a: 121 m² 4ra herbergja íbúð á n.h. í þríbýlishúsi ásmt helm. kjallara og eignarlóð. Íbúðin er öll endurnýjuð **Verð 6,7 m.kr.**

Sundstræti 30: 131,9 m² 5 herbergja íbúð á miðhæð í þríbýlishúsi ásamt bílskúr. **Tilboð óskast**

3ja herb. íbúðir

Hlíðarvegur 33: 79,1 m² íbúð á neðri hæð í fjórb.húsi ásamt góðum bílskúr. **Verð 6,9 m.kr.**

Hlíf II –Torfensi: 62,5 m² 2ja-3ja herbergja íbúð á jarðhæði í Dvalarheimili aldraða. **Verð 7,1 m.kr.**

Mjallargata 1: 82,8 m² íbúð á 2. hæð í fjölbýlishúsi, sér inngangur, sér geymsla. **Verð 6,8 m.kr.**

Pólgata 6: 55 m² risibúð á 3ju hæð í fjölbýlishúsi. **Verð 3,9 m.kr.**

Silfurgata 11: 56,2 m² (75m² gólfflötur, mikið rými í risi) Björt og glæsileg íbúð með frábæru útsýni. Ótrúlega hagstæð í rekstri. Áhv. ca. 3,4 m.kr. **Verð 5,8 m.kr.**

Stórholt 7: 74,6 m² íbúð á 3ju hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Áhv. ca. 2 m.kr. **Verð 5,3 m.kr.**

Stórholt 9: 80,9 m² góð íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu og sameign. Áhv. ca. 2,4 m.kr. **Verð 5,3 m.kr.**

Stórholt 13: 79,2 m² íbúð á 3ju hæð til hægri í fjölb.húsi ásamt sér geymslu. Skoða öll tilboð. Mögul. að taka bíl uppí. Áhv. ca. 3 m.kr. **Verð 5,5 m.kr.**

Tangagata 16: 66,9 m² íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. **Verð 4,5 m.kr.**

Urðarvegur 49: 102,5 m² kjallaraíbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. **Tilboð óskast**

2ja herb. íbúðir

Mjallargata 1: 67,9 m² íbúð í góðu standi á 2. hæð í fjölbýlishúsi. Áhv. ca. 3,6 m.kr. **Verð 6,5 m.kr.**

Sundstræti 24: 69 m² skemmtileg og rúmgóð íbúð á jarðhæð í fjórbýlishúsi. **Verð 4,5 m.kr.**

Túngata 18: 53,4 m² íbúð á 1. hæð í nýlega uppgerðu fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. **Verð 4 m.kr.**

Súðavík

Álfabyggð 3: 130,2 m² nýtt og glæsilegt einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr, sólstofu og tveimur sólpöllum. **Verð 11.5 m.kr.**

Suðureyri

Hjallavegur 11: 138,2 m² einbýlishús á einni hæð. **Verð 3 m.kr.**

Flateyri

Drafnargata 10: 158 m² hlaðið einbýlishús á tveimur hæðum, klætt með timbri og einangrað ásamt bílskúr. **Verð 8 m.kr.**

Ránargata 8: 130,9 m² einbýli á einni hæð ásamt hjalli. **Tilboð óskast**

Bolungarvík

Heiðarbrún 3: 224,6 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. **Tilboð óskast**

Hlíðarstræti 6: 113 m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr **Verð 7,9 m.kr.**

Vitastígur 25b: 101 m² fjögurra herbergja íbúð í fjölbýlishúsi. Sér inngangur. **Tilboð óskast**

Atvinnuhúsnæði

Mánagata 4 - (Herkastalinn): Gistiheimili og/eða 6 leiguíbúðir. **Verðhugm. 10 m.kr.**

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins brot af söluskránni. Allar frekari uppl. fást á skrifstofunni.

Óskar Elíasson í hinu nýja húsnæði Víkurbúðarinnar í Súðavík.

Víkurbúðin í Súðavík komin í nýtt og glæsilegt húsnæði

Verslunarrýmið nær þrefaldast

Á fimmtudag flutti Víkurbúðin í Súðavík í nýtt og glæsilegt húsnæði í hinni nýju þjónustumiðstöð Súðvíkinga að Grundarstræti 3 - 5.

Að sögn Óskars Elíassonar, eiganda Víkurbúðarinnar, er þetta mikil breyting til batnaðar en verslunin var áður til húsa í söluskála og bensínsölu Skeljungs að Aðalgötu 1 í Súðavík. Víkurbúðin selur aðallega matvörur og aðrar vörur til daglegra þarfa, en þar er líka myndbandsleiga. Segir Óskar að það hafi verið orðið verulega þröngt um verslunina á gamla staðnum en hún var þar í um 95m^2 húsnæði. Nú er hún hins vegar komin í 250 m^2 húsnæði og því orðið öllu rýmra um vörurnar og sömuleiðis hefur aðgengi viðskiptavina batnað verulega.

Aðspurður um opnunartímann, þá segir Óskar að opið verði alla virka daga frá klukkan 10-18.00, á laugardögum frá kl. 11-13 og frá kl. 17 til 19 en á sunnudögum frá kl. 17-19. Segir hann að þetta sé sami afgreiðslutími og var á sínum tíma þegar verslunin var til húsa Kaupfélagshúsinu en hann hafi reynst mjög vel og virtist vera sá tími sem fólk nýtti sér helst þjónustu Víkurbúðarinnar. Um bensínsöluna er það að segja að afgreiðsla Skeljungs verður áfram í söluskálanum við Aðalstræti en Óskar segir vonir standa til þess að hún verði einnig flutt inn að nýju þjónustumiðstöðinni þegar fram líða stundir.

Eru nú flest þeirra fyrirtækja og stofnana sem hugðust hafa aðsetur í nýju þjónustumiðstöðinni flutt inn, þ.e. sparisjóðurinn, Súðavíkurhreppur, Íslandspóstur og nú Víkurbúðin. Einnig er fyrirhugað að heilsugæslan verði þarna til húsa en ekki liggur fyrir hvenær af því verður.

Nýr bandarískur skíðagönguþjálfari hjá Skíðafélagi Ísfirðinga

Finnst landslagið einstakt

Bandarískur skíðagönguþjálfari, Mike McCarron, er tekinn til starfa hjá Skíðafélag Ísfirðinga. McCarron er 46 ára gamall, hefur undanfarin ár fengist við þjálfun skíðagöngufólks, maraþonhlaupara og fleiri íþróttamanna á heimaslóðum sínum í nágrenni við Minneapolis í Bandaríkjunum. Hann mun sjá alfarið um þjálfun aldursflokka 13 ára og eldri auk þess að hafa yfirumsjón með þjálfun yngri krakka en þar munu þær Sandra Dís Steinþórsdóttir, Gerður Geirsdóttir og Kristín Ólafsdóttir verða honum til aðstoðar.

Aðspurður um hvernig honum lítist á aðstæður hér fyrir vestan, svarar Mike því til að landslagið sé einstakt og stórbrotið sé að horfa yfir fjörðinn og á fjöllin ofan af Seljalandsdal. Honum lýst líka vel á skíðasvæðið og segist vera óvanur svona miklu útsýni því á þeim stað sem hann kemur frá í Bandaríkjunum sé mikið af trjám og þar sjái menn yfirleitt ekki neitt annað. Þetta finnst honum tvímælalaust vera kostur því auðvelt er að fylgjast með því sem fram fer á skíðasvæðinu og á æfingum er hægt að hafa auga með krökkunum í slóðinni jafnvel kílómetra í burtu. Honum sýnist allir vera mjög áhugasamir um að gera sitt besta og segir að krakkarnir virðist bæði kappsamir og duglegir.

Varðandi fyrirkomulag þjálfunarinnar þá segir Mike að hann komi til með að nota næstu vikur til að fylgjast með krökkunum og meta getu þeirra og færni. Síðan muni hann bæta við þjálfunina eftir því sem þarf. Hann segist ekki vera með neinar töfralausnir í farteskinu enda grundvallist góður árangur á gönguskíðum á úthaldi og réttri tækni en jafnvægi og sveigjanleiki séu líka þættir sem skipti miklu máli og yfirleitt er hægt að betrumbæta. Að sögn Mike er þetta í fyrsta sinn sem hann starfar sem þjálfari utan USA og verður hann hér a.m.k. fram í maí en þá verður tekin ákvörðun um framhaldið.

Mike McCarron, skíðagönguþjálfari.

Fundað um stöðu og framtíðarsýn í þorskeldi á Vestfjörðum

Árangur í þorskeldi kynntur

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hefur boðað til fundar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði miðvikudaginn 13. febrúar þar sem fjallað verður um stöðu og framtíðarsýn í þorskeldi á Vestfjörðum. Meðal efnis á fundinum verður kynning á árangri í þorskeldi á Vestfjörðum en einnig verður rætt um umhverfismál fiskeldis og umhverfisathuganir á Vestfjörðum. Þá verður fjallað nokkuð um sjúkdóma og snýkjudýr í fiskeldi og varnir gegn þeim, sem og kynbætur í fiskeldi.

Tilraunir með áframeldi á villtum þorski hafa verið stundaðar á Vestfjörðum í nærri áratug. Lengstu samfelldu tilraunirnar hafa verið í Skutulsfirði en einnig hafa verið gerðar tilraunir í nokkur ár á Tálknafirði og Patreksfirði. Á síðustu þremur árum hefur yfir 90% þess eldisþorsks sem hefur komið til slátrunar á Íslandi verið í eldi á Vestfjörðum. Í öllum tilvikum var um að ræða áframeldi á villtum þorski sem fangaður var í upphafi sumars og slátrað í byrjun vetrar. Nú er hins vegar verið að gera tilraun í Álftafirði með eldi á villtum þorski yfir vetrartímann. Þá var einnig hafið eldi á þorskseiðum á Nauteyri við Ísafjarðardjúp síðastliðið haust.

Þessar tilraunir hafa orðið til þess að á Vestfjörðum hefur byggst upp mikilsverð þekking og reynsla í fóðrun, meðferð og hegðun eldisfisks, ásamt þekkingu á búnaði. Þá eru einnig til margvísleg gögn um umhverfisþætt og líffræðilegar aðstæður í vestfirskum fjörðum.

Framsögumenn á fundinum verða þeir Gísli Jónsson, dýralæknir fisksjúkdóma á Keldum, Hjalti Karlsson frá Hafrannsóknastofnun, Kristján G. Jóakimsson frá Hraðfrystihúsinu – Gunnvöru Sigurður Helgason fisksjúkdómafræðingur á Keldum, Vigfús Jóhannsson frá Stofnfiski hf. og Þorleifur Eiríksson frá Náttúrustofu Vestfjarða. Að fyrirlestrum loknum verða pallborðsumræður.

Að fundinum standa Atvinnuþróunarfélagið, Gunnvör hf., Ketill Elíasson og Náttúrustofa Vestfjarða.

Gunnvör ÍS 53 sjósett eftir gagngerar breytingar.

Skipanaust ehf. á Ísafirði

Gunnvör sjósett eftir gagngerar breytingar

Gunnvör ÍS 53 var sjósett í síðustu viku eftir gagngerar breytingar hjá Skipanausti ehf. á Suðurtanga á Ísafirði. Skipt var um yfirbyggingu á bátnum og sett á hann ný brú sem er hönnuð af Sævari Birgissyni, skipatæknifræðingi hjá Skipasýn ehf. í Reykjavík.

Fyrirtækið Eiríkur og Einar Valur sáu um innréttingar í brúnni ásamt áhöfn og eiganda en um rafmagnslagnir sá Rafskaut ehf. Að breytingunum loknum var báturinn síðan málaður hátt og lágt. Eigandi Gunnvarar ÍS er Aðalsteinn Ómar Ásgeirsson, útgerðarmaður á Ísafirði.

Kennslustofur í gamla barnaskólanum

Verði varðveitt í upphaflegu horfi

Á fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar í síðustu viku var lagt fram bréf frá Húsafriðunarnefnd ríksins þar sem fram kemur að vegna fyrirhugaðrar samkeppni um nýbyggingar á lóð Grunnskólans á Ísafirði, sé mælt með því að kennslustofur og gangar á 1. og 2. hæð Gamla barnaskólans verði varðveitt í upphaflegu horfi, svo og framhlið hússins. Þá skulu tengibyggingar vera látlaustar þannig að gamla skólahúsið fá notið sín sem best.

Í umfjöllun um málið taldi bæjarráð rétt að hafa tilmæli Húsafriðunarnefndar til hliðsjónar en lagði áherslu á að nýbyggingar og viðgerð á gamla barnaskólanum eigi að þjóni því hlutverki sem nútíma skólahúsnæði krefst. Var erindi Húsafriðunarnefndar vísað til dómnefndar um arkitektasamkeppni fyrir skólahúsnæði Grunnskólans.

Rímnahátíð og byggðasögusýning haldin í Dalbæ

Stefnt að rímnasetri og fræðimannaíbúð í Dalbæ

Sögumiðlunin og Ferðaþjónustan Dalbæ vinna nú að skipulagningu rímnahátíðar á Snæfjallaströnd sem jafnframt verður opnunarhátíð byggðasögusýningar er tengist rímnakveðskap. Menntamálaráðuneytið hefur lagt 500 þúsund krónur í sögusýninguna sem opnuð verður laugardaginn 22. júní kl. 15:00.

Megin sýningarefnið er byggðasaga Snæfjalla- og Höfðastranda og líf og starf Jóns lærða sem kvað Snjáfjallavísur hinar síðari og Fjandafælu á Skarði á Snæfjallaströnd árið 1612.

Steindór Andersen kvæðamaður og Hilmar Örn Hilmarsson tónlistarmaður fluttu Snjáfjallavísur hinar síðari á Galdrahátíð í Bjarnarfirði sl. haust og hafa fallist á að endurtaka þann leik á rímnahátíðinni. Jafnframt munu koma fram þau Ólína Þorvarðardóttir skólameistari Menntaskólans á Ísafirði, sem mun fjalla um feril Jóns lærða og Þórður Halldórsson sem mun kynna hestaferðir í kringum Drangajökul á vegum Svaðilfara og sýna myndir frá slíkum ferðum. Þá verður boðið upp á fleiri atriði sem kynnt verða síðar.

Ólína Þorvarðardóttir.

Í náinni framtíð er stefnt að því að í Dalbæ verði komið upp rímnasetri með fræðimannaíbúð og að þar verði haldin málþing og hátíðir sem tengjast rímum í nútíð og fortíð.

SVÆÐISVINNUMIÐLUN
VESTFJARÐA

Atvinnurekandi!
Vantar þig starfskraft?

Höfum fólk á skrá í margvísleg störf með fjölbreytta menntun og starfsreynslu.

Ef þig vantar starfsmann í tímabundið verkefni eða framtíðarstarf, gætum við verið með lausnina.

Getum gert samninga um starfskynningu, starfsþjálfun og reynsluráðningu. Hafðu samband og við kynnum þér málið.

Höfum atvinnuleitendur á skrá á Vestfjörðum, landinu öllu og á evrópska efnahagssvæðinu (EES). Þjónusta Svæðisvinnumiðlunar er atvinnurekendum að kostnaðarlausu.

Svæðisvinnumiðlun Vestfjarða
Árnagötu 2-4 · 400 Ísafjörður
Sími 450 3000 · Fax 450 3015
Netfang: svm.vestfjarda@svm.is
Veffang: vinnumalastofnun.is

smáar

Til sölu er Hlíðarvegur 46 á Ísafirði sem er 186m² endaraðhús á þremur hæðum. Fallegt útsýni. Séríbúð á neðstu hæð. Skipti á minni eign koma til greina. Kostar ekkert að kynna sér málin. Uppl. í síma 456 3243 á kvöldin.

Bráðvantar **skrifborð** eða tölvuborð, ódýrt eða gefins. Hafið samband í síma 456 4937 eftir kl. 19.

Til sölu er 2ja herb. íbúð, 66m² að Urðarvegi 78 með sérinngangi. Uppl. gefur Erlingur í símum 456 4323 eða 456 3928.

Þarftu að léttast? Eru aukakílóin að hrjá þig? Allar nánari upplýsingar hjá Brynju Dögg í síma 822 0688.

Til sölu er 4ra herb. íbúð við Túngötu 18 á Ísafirði. Íbúðin er laus. Uppl. í síma 456 4014 eftir kl. 20.

Til sölu er níu vetra klár **hestur** með tölti. Verð kr. 30.000. Upplýsingar í síma 895 4115.

Átthagafélag Grunnvíkinga heldur hið árlega **þorrablót** í félagsheimilinu í Hnífsdal laugardaginn 23. janúar nk.

Ódýrt flugfar til Boston. Á einn lausan miða á „Tveir fyrir einn“ til Boston. Áhugasamir hringi í Holly í síma 456 5667, netfang bridge@nmt.edu

Til sölu er **sumarhús** í Arnardal til flutnings. Uppl. í síma 892 1407.

Til sölu er **VW Golf** station, 4x4, árg. 1997, ekinn 95 þús. km. Beinskiptur, fimm dyra, blár að lit. Sumardekk á álfelgum og dráttarkrókur. Áhvílandi bílalán kr. 650 þús. Ásett verð kr. 999 þúsund. Afborgun af láni kr. 19.600 á mánuði. Skipti á ódýrari bíl eða yfirtaka láns koma til greina. Upplýsingar gefur Sturla í síma 892 1688.

Til sölu eru Tompson 140 W **hljómfutningstæki** með 5 diska geislaspilara, tvöföldu segulbandi, útvarpi og surroundkerfi og fleiru. Verð kr. 35 þús. Uppl. í síma 456 4647 eftir kl. 17 eða 867 2973.

Flateyri

Framkvæmdum við höfnina framhaldið í sumar

Í sumar er fyrirhugað að halda áfram framkvæmdum við höfnina á Flateyri en þar var fyrir rúmum tveimur árum rekið niður 90 m stálþil með fyllingum og grjótvörn. Var þá gert ráð fyrir að lokið yrði við þekjuna fljótlega en í ljós kom verulegt sig á undirlagi hennar og því þótti ráðlegt að láta verkið bíða um sinn meðan undirlagið jafnaði sig.

Að sögn Sigtryggs Benediktssonar hjá Siglingastofnun er hins vegar stefnt að því núna að bjóða þekjuna út fyrir vorið þannig að hægt verði að vinna hana í sumar. Segir hann að í verklýsingu fyrir væntanlegt útboð sé gert ráð fyrir að steypt verði 1100 m² þekja og fleira.

Þingsályktunartillaga frá þingmönnum Vestfjarða

Vilja aðgerðir til verndunar búsetu í Árneshreppi

Þingmenn Vestfjarða, þeir Einar K. Guðfinnsson, Karl V. Matthíasson, Kristinn H. Gunnarsson, Guðjón A. Kristjánsson og Einar Oddur Kristjánsson lögðu fram á Alþingi í gær tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til verndunar búsetu og menningarlandslags í Árneshreppi á Ströndum.

Í tillögunni segir: „ Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja á stofn nefnd er vinni að gerð tillagna um aðgerðir til verndunar búsetu og menningarlandslags í Árneshreppi í Strandasýslu á grund velli samþykktar norrænu ráðherranefndarinnar frá 12. nóvember 1996 og leita eftir víðtæku samstarfi heimamanna og félagasamtaka í þeim tilgangi.“

Í greinargerð sem fylgir tillögunni segir m.a.: „ Þjóðfélag sem á samfélag á borð við Árneshrepp í Strandasýslu er auðugt. Sveitarfélagið hefur algjöra sérstöðu hér á landi, meðal annars vegna landfræðilegrar legu. Sauðfjárrækt er ráðandi atvinnugrein, en síðustu ár hefur þess verið freistað að skjóta öðrum stoðum undir atvinnulífið. Allnokkur útgerð á smábátum er stunduð frá Norðurfirði og ferðamannastraum ur um Árneshrepp hefur vaxið að undanförnu.

Eigi að síður hefur byggðin átt undir högg að sækja. Flutningsmenn þessarar tillögu telja brýnt að þeirri þróun sé snúið við og að búseta í Árneshreppi verði treyst. Í því skyni þarf að efla forsendur byggðarinnar. Mestu skiptir að íbúarnir fái notið staðarkostanna, sem augljós lega snúa að sjávarútvegi, landbúnaði og ferðaþjónustu, en einnig að efnahagslegri, félagslegri og menningarlegri sérstöðu sem óumdeilanlega er fyrir hendi í Árneshreppi.

Stjórn Landverndar samþykkti árið 1998 ályktun um að hrinda af stað tilraunaverkefni um verndun menningarumhverfis landslags hér á landi (sjá fylgiskjal I). Undir þetta var tekið á aðalfundi Landverndar árið 1999 og hvatt til þess að leitað yrði til íbúa Árneshrepps í Strandasýslu í þessu skyni. Hefur síðan verið unnið að þessu máli með margvíslegu móti. Fram hefur komið jákvæð afstaða Árneshrepps gagnvart þessari hugmynd, sbr. bréf oddvita Árneshrepps frá 21. desember 1998 (sjá fylgiskjal II). Dagana 17.-18. mars 2001 var efnt til ráðstefnu í Árneshreppi þar sem þessi mál voru meðal annars á dagskrá og hlaut hugmyndin góðar viðtökur.

Hugmyndin um verndun menningarminja og menningararfs á rætur sínar að rekja til samþykktar ráðherranefndar Norðurlanda frá 12. september 1996 um framkvæmdaáætlun um verndun menningarumhverfis. Á fyrrnefndri ráðstefnu í Árneshreppi flutti Jón Helgason, fyrrverandi alþingismaður og þáverandi formaður Landsverndar, ávarp þar sem hann færði fram rök fyrir því að unnið skyldi „að því að samþykkt norrænu ráðherranefndarinnar yrði ekki dauður bókstafur, heldur skyldi þegar í stað hafist handa við að sýna viljann í verki,“ eins og hann komst að orði. Vék hann síðan sérstaklega að aðstæðum í Árneshreppi og sagði þá meðal annars:

„Fólki hefur fækkað ört í byggðarlaginu síðustu áratugi eftir uppgang á fyrri hluta aldar innar. Vegna þess fámennis ætti tiltölulega lítið fjármagn að nægja til að leiða í ljós, hvort að gagni geti komið einhver þau úrræði, sem eru föl fyrir krónur og aura. Byggðin er skýrt afmörkuð, svo auðvelt verður að meta áhrif aðgerða, og aðstæður svo sérstakar, að teljast verður illkvittni að fyllast öfund vegna einhvers stuðnings í þessu skyni við hana.

Með þessum rökum lagði Landvernd fram tillögu um, að ríkisvaldið ákvæði að gera 5-10 ára tilraun hér í Árneshreppi til að styrkja búsetu á jaðarsvæði með raunhæfum aðgerðum í samræmi við samþykkt norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs. Það yrði gert með þeim hætti að íbúar Árneshrepps skyldu spurðir, hvað ríkisvaldið gæti gert til að fá þá fram til samstarfs við að varðveita þennan menningararf með gróandi mannlíf í byggðarlaginu.

Það eru að sjálfsögðu fyrst og fremst íbúarnir sjálfir, sem geta gefið góð ráð og leiðbeiningar um hvað þurfi til, þó að einhver atriði liggi í augum uppi. Framtíð þess hlýtur auðvitað hér eftir sem hingað til að byggjast á því, að gæði náttúrunnar til lands og sjávar verði nýtt með þeim hætti, að afkoma þeirra sem að því vinna verði viðunandi.“

Mikilvægt er að áfram verði unnið að framgangi málsins. Það er ljóst að það snertir ýmis ráðuneyti og stofnanir sem þurfa að koma að verkinu, enda er hér um að ræða nýstárlega nálgun gagnvart verkefni af þessu tagi. Þess vegna er nauðsynlegt að sett verði á laggirnar nefnd sem fari betur ofan í málin, móti stefnu og leggi fram fyrir stjórnvöld til að vinna eftir. Verkefni af þessu tagi ætti ekki að þurfa að taka langan tíma og ýmsar ákvarðanir sem það snerta væri hægt að taka án þess að vinnunni væri að fullu lokið. Því er brýnt að hafist verði handa hið fyrsta til þess að unnt sé að móta stefnu um mikilvægt mál sem ekki þolir langa bið.“

Með tillögunni fylgir ályktun Landverndar frá 1998 um tilraunaverkefni um verndun menningarumhverfis landslags og bréf hreppsnefndar Árneshrepps til forsætisráðherra, Davíðs Oddssonar frá 21. desember 1998.

NÝ EINBÝLISHÚS

Á TUNGUSKEIÐI

Einbýlishúsin eru byggð úr „kubbamótum" úr plasteinangrun, sem eru uppbyggð á þann hátt að í innra og ytra byrði þeirra er einangrun, en steinsteypa þar á milli. Þannig verða húsin einangruð bæði að innan og utan.

Húsunum verður skilað fullfrágengnum að utan þ.e. veggir múrhúðaðir, hurðir, gluggar og gler komið í, þak klætt með bárujárni og þakkantur að fullu frágenginn. Innanhúss verða útveggir einangraðir og pússaðir og hitalögn komin í öll gólf, að öðru leyti verða húsin ófrágengin að innan.

Lóðin umhverfis húsin verður grófjöfnuð.

Bæklinga og nánari upplýsingar veitir Hermann í síma 861 1442 eða 456 4061

Múrkraftur ehf.

Byggingaverktaki

Fremri-Breiðadal • 425 Flateyri

Sími: 861 1442 og 891 1442

Netfang: hermann@snerpa.is

Einnig höfum við mikið úrval af flísum og múrefnum

Múrverk • Múrklæðningar • Nýbyggingar • Flísasala • Flísalagnir • Hleðslur • Háþrýstiþvottur • Vetsanðlástur • Almennt viðhald • Efnissala

Þau komu austan úr Hornafirði og vestan úr Súgandafirði, hittust í Borgarfirði og urðu hjón

„Vestfirðingar hafa allt til brunns að bera ...“

– segir Þröstur Óskarsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunarinnar Ísafjarðarbæ

Við Skipagötuna á Ísafirði býr fjölskylda sem fluttist til Ísafjarðar á síðasta ári. Aðkomufólk hér vestra – og þó ekki. Heimilisfaðirinn var á sínum tíma aðkomumaður á Vestfjörðum og starfaði á Suðureyri og síðan í Súðavík. Eiginkonan er úr Staðardalnum í Súgandafirði. Þetta eru Þröstur Óskarsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunarinnar Ísafjarðarbæ, og Guðrún Margrét Karlsdóttir, sem á miðju síðasta sumri opnaði í félagi við Sigurlín Pétursdóttur hársnyrtistofuna Hárkompaní þar sem Björnsbúð á Ísafirði var áður til húsa. Þröstur tók við starfinu af Guðjóni Brjánssyni, sem fluttist til Akraness og tók þar við hliðstæðu starfi fyrir tæpu ári. Dætur þeirra Þrastar og Guðrúnar Margrétar eru tvær, þær Heba Dís, sem er komin hátt á sjöunda ár, og Birta Rós, sem er hálfs annars árs. Fjölskyldan kom til Ísafjarðar frá Akureyri, þar sem dæturnar báðar eru fæddar. Heba Dís átti sex fyrstu æviárin sín fyrir norðan en byrjaði síðan skólagöngu sína á Ísafirði.

En við skulum víkja nánar að fyrstu kynnum þeirra Guðrúnar Margrétar Karlsdóttur frá Bæ í Súgandafirði og Þrastar Óskarssonar, sem er frá Höfn í Hornafirði. Hvernig stendur á því að Hornfirðingurinn náði sér í konu úr Súgandafirði – eða hún í hann? Var ekki um auðugan garð að gresja á heimavígstöðvum, eða hvað?

„Stundum hef ég sagt í gamni að ég hefði ekki getað sótt konuna öllu lengra“, segir Þröstur þegar við hittumst á skrifstofu hans á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði. „En þetta var einfaldlega gömul og þrautreynd uppskrift: Við vorum bæði í skóla í Borgarfirði. Ég fór í Bændaskólann á Hvanneyri en hún í Hússtjórnarskólann á Varmalandi.“

Þannig mættust þau miðsvæðis, á hlutlausu belti í Borgarfirðinum, ef svo má segja. Hins vegar gengu þau í hjónaband í Staðarkirkju í Súgandafirði. Það var séra Karl Matthíasson, núverandi alþingismaður, sem gaf þau saman. Heba Dís var skírð heima hjá afa sínum og ömmu í Bæ í Súgandafirði.

„Séra Valdimar Hreiðarsson skírði hana“, segir Þröstur, „en Birta Rós var skírð á Möðruvöllum í Hörgárdal og það gerði séra Gylfi Jónsson en hann fermdi mig á sínum tíma þegar hann var prestur á Höfn.“

Suðureyri, Súðavík, Akureyri

Þröstur Óskarsson er liðlega hálffertugur, fæddur á jóladag árið 1964, en kona hans er tæplega þremur árum yngri. Hann er yfirvegaður í tali og virðist jafnan sjá ýmsar hliðar á hverju máli. Á skrifborðinu hans er myndarlegur lampi með áberandi grænum lit. Komum aftur að lampanum rétt á eftir.

Það var árið 1989 sem þau ungu hjónin fluttust úr þéttbýlinu á suðvesturhorninu og til Suðureyrar. Þar hafði Þröstur verið sölustjóri hjá Fóðurvörudeild Sambandsins en Guðrún Margrét hafði nýlokið sveinsprófi í hárgreiðslu á Hárgreiðslustofunni Bylgjunni í Kópavogi. Þá var auglýst skrifstofustarf hjá Fiskiðjunni Freyju á Suðureyri en Baldur heitinn Jónsson hafði þá verið fenginn til að annast reksturinn fyrir hönd Sambandsins. Þetta voru miklir erfiðleikatímar hjá Freyjunni eins og margir muna. Þröstur sótti um þetta starf, og væntanlega hefur það átt ólítinn þátt í þeirri ákvörðun að þetta var í heimahreppi konunnar hans. Hann fékk starfið og þau fluttust vestur.

„Ég var í rúmt ár hjá Baldri. Síðan ákvað ég að söðla um og fékk vinnu hjá þeim Frostamönnum í Súðavík og var þar frá 1990 til 1994, þegar við fórum til Akureyrar.“

Þröstur segir að Baldur Jónsson hafi verið mjög eftirminnilegur persónuleiki. Hann staðfestir það orð sem af Baldri heitnum fór, að hann hafi verið skapmikill og umbúðalaus í orðfæri ef svo bar undir. „Hann var skapríkur maður en það bitnaði ekki á þeim sem unnu hjá honum“, segir Þröstur. „Baldur hafði sérstaka frásagnargáfu. Á góðri stund gat hann sest niður og sagt sögur, bæði sannar og lognar, þjóðsögur úr nútímanum, og var góður stílisti í frásögum.“

Til Frosta í Súðavík réðst Þröstur sem bókari. „Ég var þar í bókhaldi nær allan tímann og áður en ég hætti var ég í nánast öllu sem til féll á skrifstofunni.“

Síðan lá leið þeirra hjóna til Akureyrar en Þröstur innritaðist í rekstrardeild Háskólans á Akureyri haustið 1994. Þar lauk hann í fyllingu tímans BS-prófi í rekstrarfræði og bætti síðan við sig einu ári í framhaldsnámi í gæðastjórnun. Samhliða framhaldsnáminu vann hann hjá Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri.

Fæddur og uppalinn í símstöðinni

En hverfum nú til Hafnar í Hornafirði á sjöunda áratug nýliðinnar aldar. Þröstur er sonur Óskars Helgasonar, fyrrum símstöðvarstjóra á Höfn og lengi oddvita Hafnarhrepps, og konu hans, Guðbjargar Gísladóttur fyrrverandi talsímavarðar.

„Ég er fæddur í gömlu símstöðinni að Hafnarbraut 19 á Höfn í Hornafirði og uppalinn þar fyrstu æviárin. Þegar flutt var í nýju símstöðina fluttist ég þangað með foreldrum mínum og átti þar heima þangað til grunnskóla sleppti. Þá fór ég í burtu eins og svo margir aðrir því að þá var enginn framhaldsskóli á svæðinu.“

Þrátt fyrir fæðingarstaðinn á Þröstur engar ættir að rekja á Höfn eða þar í kring. Óskar faðir hans var Strandamaður í báðar sínar ættir en móðirin Austfirðingur. „Báðir foreldrar föður míns voru úr Strandasýslu sunnanverðri en móðir mín er Breiðdælingur í aðra ættina og Héraðsbúi í hina.“

Pólitík er ekki mitt áhugamál

Þegar í ljós kemur hver faðirinn var, auk þess sem Þröstur réðst ungur til starfa hjá Fóðurvörudeild Sambandsins og síðan til Freyju á Suðureyri, er freistandi að benda á græna lampann á skrifborðinu og spyrja: Ertu Framsóknarmaður?

„Það segja það margir. Ég hef sjálfur aldrei haldið því fram. Satt að segja hef ég mjög lítinn áhuga á pólitík. Þessi lampi var hérna þegar ég kom. Þetta kemur kannski til af því, að þegar ég ólst upp var faðir minn oddviti í Hafnarhreppi. Hann var oddviti í 16 ár og efsti maður á lista Framsóknar. Ég á marga ættingja sem eru framsóknarmenn. En ég á líka ættingja sem eru það ekki. Pólitík er ekki mitt áhugamál.“ Og seinna í samtalinu kemur það fram, að Þröstur telur sig hafa fengið fullan skammt af félagsstörfum ýmiskonar á sínum yngri árum.

– Nú kemur þú hingað í stólinn hans Guðjóns Brjánssonar. Hvernig hefur þér liðið í honum?

„Vel. Því er fljótsvarað.“

Starfið felst í samskiptum við fólk

– Hvað gerir framkvæmdastjóri svona stofnunar? Hver eru verkefni hans? Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ er ekki bara Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði, heldur allt sem lýtur að heilsugæslu í þessu víðlenda bæjarfélagi. Hér er alls konar fólk að störfum á ýmsum stöðum og ýmsar starfsstéttir, ekki bara læknar og hjúkrunarfólk, heldur líka matreiðslufólk og iðnaðarmenn...

„Hlutverk framkvæmdastjórans er í raun og veru að búa stofnuninni og fólkinu sem þar vinnur það starfsumhverfi, að það geti sinnt því sem það á að gera á sem bestan og skilvirkastan hátt. Þetta er meginverkefnið.“

– Og hvernig er farið að því?

„Það eru ýmsar leiðir farnar að því marki. Hluti af þessu er að starfsfólkið og skjólstæðingarnir hafi gott aðgengi að manni. Hluti er að miðla upplýsingum. Hluti er að koma fram fyrir hönd stofnunarinnar þar sem það á við. Fyrst og fremst felst þetta starf í því að eiga samskipti við annað fólk.“

– Er mikið um að þú þurfir að standa í rekistefnu við ráðuneyti eða aðra syðra vegna málefna stofnunarinnar? Þarft þú að herja út peninga vegna nauðsynlegra hluta hverju sinni?

„Nú er þetta orðið nokkuð breytt frá því sem áður var. Nú er heilbrigðisráðuneytið búið að gera árangursstjórnunarsamninga við flestallar stofnanir á þess vegum. Í slíkum samningi er lagður niður starfsrammi til lengri tíma og menn eru ansi stífir á því að reyna að halda honum. En þegar upp koma einhver tilvik sem ekki hefur verið gert ráð fyrir, þá þarf vissulega að reyna að berjast fyrir þeim og toga og teygja þangað til markmiðinu er náð. Mér sýnist hins vegar að það dugi ekki lengur að fara og skella hurðum í ráðuneytinu til að fá einhverju framgengt. Það var líklega þannig í eina tíð.“

Stofnunin er fólkið...

– Eru jafnan til nógir peningar til að reka þessa stofnun eins og þú telur að eigi að vera?

„Því er fljótsvarað: Nei. Ekki eins og ætti að vera. En við reynum að gera það besta úr þeim fjármunum sem við höfum og bendum jafnframt á það sem betur má fara og reynum að fá því framgengt.“

– Ef þú fengir þessa dagana óvænt í hendur nokkra tugi milljóna, umfram venjuleg fjárframlög, sem þú mættir ráðstafa að eigin vild í þágu stofnunarinnar – hvernig myndirðu verja þeim peningum?

„Ég myndi reyna að verja þeim á þann hátt að þeir skildu eitthvað eftir sig. Þá er spurningin hvernig það yrði gert. Annars vegar geturðu fjárfest í dauðum hlutum, hins vegar geturðu fjárfest í fólki. Ég býst við að ég myndi skipta fénu þar á milli. Svo eru auðvitað einstök praktísk atriði sem yrði ráðist í, ef farið yrði að fjárfesta í eignum, svo sem að laga þakið og annað slíkt, kaupa nýtt röntgentæki sem vantar og þar fram eftir götunum. En það er annað sem skiptir verulegu máli: Stofnunin er aldrei annað en fólkið sem í henni er. Tækin eru hjálpartæki fyrir starfsfólkið til að inna þau verkefni af hendi sem stofnuninni eru falin.“

– Er sæmilega góður stöðugleiki í starfsliðinu?

„Já“, segir Þröstur, en kveðst að vísu ekki hafa beinan samanburð við aðrar sambærilegar stofnanir úti um landið hvað það snertir. „En það er ótvírætt þokkalega góður stöðugleiki. Það má sjá af því að starfsaldur hér er almennt frekar hár.“

– Er það rétt tilfinning, að hér sé ríkjandi óvenjulega mikil samheldni meðal starfsfólksins? Það eru iðulega haldnar ýmsar sameiginlegar uppákomur, svo sem grillfagnaðir og golfmótið fræga Sickhouse Open og fleira í þeim dúr...

„Já, þetta er óvanalega samstilltur hópur og það er út af fyrir sig mjög gott. Þetta var svona hér þegar ég kom.“

Ísafjörður Guðjóns Samúelssonar

Fleira vekur athygli á skrifstofu framkvæmdastjóra Heilbrigðisstofnunarinnar Ísafjarðarbæ en græni lampinn á skrifborðinu. Á vegg er stór teikning af ofanverðri Skutulsfjarðareyri með nokkuð ókunnuglegum byggingum. Að vísu er gamla sjúkrahúsið þar á sínum stað á Eyrartúni en í hálfhring að baki því eru voldugar byggingar í stórum boga. Kirkja stendur á svipuðum stað og núverandi kirkja. Hún ber svipmót gömlu kirkjunnar sem brann en er miklu stærri og snýr öðruvísi.

Þessi teikning er eftir Guðjón Samúelsson húsameistara og á henni er ártalið 1924. Þetta er „háborg“ Ísafjarðar eins og Guðjón hefur séð hana fyrir sér. Síðan hefur ýmislegt breytt þeirri mynd. Það eina sem sá dagsins ljós af þessum hugmyndum var „gamla“ sjúkrahúsið sem reis árið eftir samkvæmt teikningum Guðjóns. Þegar (hug)myndin af þessu svæði er skoðuð bráðum áttatíu árum seinna, þá vaknar sú tilfinning það væri mikill skaði hefði gamla sjúkrahúsið ekki risið og væri ekki núna á sínum gamla stað í nýju hlutverki. Og jafnframt læðist að svolítill feginleiki yfir því að allt hitt skuli ekki hafa risið...

Sérstaða Ísafjarðar

En þetta er allsendis óviðkomandi samtalinu við Þröst Óskarsson framkvæmdastjóra. Hann er spurður: Finnst þér gott að vera á Ísafirði?

„Það að ég skuli sitja hér svarar þeirri spurningu! Ísafjörður hefur ýmsa kosti sem aðrir staðir á landsbyggðinni hafa ekki. Meðal annars er Ísafjörður miklu meiri stórbær en flestir aðrir staðir. Að mínum dómi er hann til dæmis miklu meiri stórbær en allir staðir á Austurlandi.

Vissulega má finna mjög gömul menningarpláss á Austurlandi, eins og Seyðisfjörð. Hann er hins vegar ekki nema skugginn af sjálfum sér á landsvísu miðað við það sem einu sinni var. Það virðast vera fáir sem gera sér grein fyrir því, að fyrir einni öld var mikill menningarbragur á Seyðisfirði í samanburði við flesta aðra staði. Þar var meðal annars komið rafmagn og símasamband áður en flestir aðrir landsmenn kynntust slíku. Þar voru kaffihús og kaupmenn sem versluðu beint við útlönd.

Hér á Ísafirði voru svipaðar aðstæður á þeim tíma enda þótt rafmagnið hafi komið hér öllu seinna en á Seyðisfirði. Sjálfur kem ég úr kaupstað sem var að byggjast upp á sama tíma og ég ólst þar upp. Fyrir einni öld var eitt kaupmannshús og einn söðlasmiður á Höfn í Hornafirði, ef ég man rétt, og þar með er það upp talið. Seinna vex þarna upp nærri tvö þúsund manna bær. Ísafjörður stendur á miklu eldri grunni.“

Sjálfsbjargarviðleitnin þarf útrás

– Hvað finnst þér helst vanta hér á Ísafirði?

Þresti vefst nokkuð tunga um tönn við þessa spurningu. „Það er vandi að svara því. Hvað vantar helst? Það sem vantar helst er kannski möguleikinn á því að Vestfirðingar fái nægilega útrás fyrir þá miklu sjálfsbjargarviðleitni sem í þeim býr. Og því er væntanlega vandsvarað hvernig hægt er að bæta úr því.“

– Svo virðist sem ansi margir hafi farið í burtu til að fá útrás fyrir sjálfsbjargarviðleitnina ...

„Já, en því má ekki gleyma að Vestfirðir eru það svæði landsins þar sem gróska og nýsköpun í atvinnulífi er einna mest, hvað þá ef litið er á hinar margumtöluðu mannfjöldatölur. Þetta er miklu meira en að meðaltali á landsvísu. Það þarf ekki að litast um lengi til að sjá blómleg og framsækin fyrirtæki hér í bæ, – Póls, 3X-Stál, Sindraberg... Þetta eru allt tiltölulega ung fyrirtæki. Hér á Ísafirði voru menn jafnan í fararbroddi og jafnvel langt á undan í rekstri frystihúsa og rækjuvinnslu. Og útgerðinni, ekki má gleyma henni.“

Litið fram á veginn

– Hvaða breytingar sérðu fyrir þér hér á næstu tveimur áratugum eða svo?

„Það er erfitt að spá hvernig umhorfs verður á Ísafirði eftir tuttugu ár. En ég vona að það verði óbreytt sem mestu máli skiptir: Að hér verði gott mannlíf.“

– Heldurðu að svo verði?

„Ég hef trú á því. Hins vegar er stærsta spurningin kannski sú, hverjir kunna að verða möguleikar fólks á því að framfleyta sér hér fyrir vestan eftir tuttugu ár. Ég er dálítið smeykur um að það geti dregið úr þeim möguleikum á næstu árum ef ekkert sérstakt kemur til.“

– Hver væri ástæða þess? Er það eitthvert lögmál? Allt að því náttúrulögmál? Eða aðgerðir og aðgerðaleysi stjórnvalda?

„Það eru breytingar á atvinnuháttum þjóðarinnar sem valda því. Um það eru skiptar skoðanir, hversu mikið stjórnvöld eigi að grípa þar inn í. Vissulega var það mikið inngrip þegar farið var út í það fiskveiðistjórnunarkerfi sem nú er við lýði. Þá varð varanleg breyting, grundvallarbreyting, í atvinnulífi þjóðarinnar. Svo má spyrja hvort hún hafi orðið til góðs eða ills. Menn hafa svo sem ýmsar útgáfur af því. En það er ljóst, að hér hallar undan fæti ef menn fá ekki að sitja við sama borð og aðrir landsmenn. Hér þarf fólk að hafa sama aðgengi að menntun, sama aðgengi að menningu, sama aðgengi að samgöngum. Og það má ekki vera dýrara að búa hér en annars staðar á landinu.“

Landbúnaður á Vestfjörðum

– Hvað með sveitabyggðirnar á Vestfjörðum? Verða vestfirskar sveitir í byggð eftir tuttugu ár? Oft er talað um einstaklega gott land fyrir sauðfé hér vestra en það virðist ekki nóg...

„Ef litið er til baka og síðan fram á veginn, þá er ljóst að landbúnaðurinn er á niðurleið. Það er margt sem veldur því. Meðal annars það, að bændur hafa ekki lengur frjálsar hendur. Þeir urðu að taka á þegar settur var kvóti á sauðfjárbúskap og mjólkurframleiðslu til þess að laga framleiðsluna að innanlandsmarkaði. Hún var of mikil. Þetta var gert með flötum niðurskurði á landsvísu, þannig að hver og einn gat ekki hagrætt eða haft þá afkomumöguleika sem honum hentuðu best.

Þetta er ennþá í gildi í meginatriðum í sauðfjárræktinni en því hefur verið hnikað til í mjólkurframleiðslunni. Þar geta menn keypt sér aukinn framleiðslurétt en það er ekki hægt í sauðfjárbúskapnum. Mjólkurframleiðendum hér fyrir vestan hefur fækkað á undanförnum árum. Það hefur í för með sér erfiðari rekstrargrunn fyrir sameiginlega þætti. Þar má nefna Mjólkursamlag Ísfirðinga, sem hefur samt sem áður unnið mjög gott starf. Það er eitt af þeim fyrirtækjum sem hafa sýnt verulega viðleitni í vöruþróun og staðið sig vel. Í því sambandi má nefna orkudrykkinn Primus.

En almenn óheillaþróun í landbúnaði er eins og þung undiralda. Í sauðfjárbúskapnum er að sumu leyti erfiðara um vik á Vestfjörðum, ekki síst vegna þess hvað það er orðið langt í sláturhús. En skilyrði til sjálfrar sauðfjárræktarinnar eru góð á Vestfjörðum og verða það alltaf. Spurningin er aðeins hvernig hægt verður að nýta þau.

En á móti kemur, að hér höfum við betri aðgang að óspilltri íslenskri náttúru en flestir aðrir. Hér á Vestfjörðum er ferðaþjónustan sá vaxtarbroddur sem menn binda miklar vonir við á ókomnum árum.“

Ættfræðigrúsk og sitthvað fleira

– Hvað fæstu helst við í tómstundum utan vinnunnar? Hver eru helstu áhugamálin?

„Áhugamálin er svo sem ýmisleg þó að þeim hafi verið misvel sinnt. Við byrjuðum á því fyrir nokkrum árum að reyna að koma okkur upp svolitlum skógarreit í landi Bæjar í Súgandafirði. Við höfum að vísu fremur lítið getað sinnt honum vegna þess að við vorum svo langt í burtu. En þar er búið að hola niður eitthvað á annað þúsund plöntum. Ég hef gaman af ferðalögum og hef ferðast mikið innanlands. Svo fórum við í dæmigerða sólarlandaferð í fyrra og tókum dæturnar með. Það tókst mjög vel. Ég er alinn upp við að lesa góðar bókmenntir og hef gert töluvert af því um árin, þó að það hafi kannski verið með minna móti að undanförnu. Fyrir allmörgum árum grúskaði ég töluvert mikið í ættartölum beggja ætta minna og rakti mig þar í ýmsar áttir. Og með að minnsta kosti sæmilegum árangri, því að ég hef síðan séð ættartölur um sömu ættir sem eru ákaflega svipaðar.“

– Þú sagðist eiga ættir að rekja á sunnanverðar Strandir. Er eitthvað af þínu skyldfólki hér á svæðinu?

„Hér á svæðinu á ég sáralítið af skyldfólki. Margrét Gísladóttir móðursystir mín er hér á Ísafirði, sambýliskona Guðmundar Guðmundssonar í Silfurgötunni, en að líkindum enginn annar nákominn ættingi.“

Að hafa trú á sjálfum sér

Í lokaorðum Þrastar Óskarssonar í þessu samtali kemur fram viðhorf skylt því sem áður kom fram – að stofnun sé aldrei annað en fólkið sem í henni er:

„Það skiptir gríðarlega miklu máli að Vestfirðingar hafi trú á sjálfum sér. Ef þeir hafa ekki trú á sjálfum sér, þá geta þeir ekki reiknað með að aðrir geri það. En Vestfirðingar hafa allt til brunns að bera til að geta komist vel af í framtíðinni. Eins og þeir hafa í raun og veru gert hingað til, þrátt fyrir að oft hafi blásið á móti.“

Flugvöllurinn á Þingeyri gegnir mikilvægu hlutverki

„Tilgangurinn með þessum fundi var að átta sig á stöðunni. Fulltrúar Flugmálastjórnar fóru yfir niðurstöður skýrslu dönsku sérfræðinganna og niðurstaða þeirra er alveg skýr; þeir mæla á móti næturflugi og styðjast líka við álit íslenskra flugmanna sem voru kallaðir til og segja það sama, þrátt fyrir að gert hafi verið ráð fyrir mjög miklum búnaði. Þetta er staða málsins. Ég verð að segja eins og er að mér sýnist mjög á brattan að sækja í þessu máli," segir Einar Kristinn Guðfinnsson, fyrsti þingmaður Vestfirðinga um fund sem hann óskaði eftir með þingmönnum Vestfjarða, Þorgeiri Pálssyni flugmálastjóra, Hauki Haukssyni varaflugmálastjóra og Brandi Guðmundssyni verkfræðingi hjá Flugmálastjórn, og haldinn var fyrir stuttu.

„Niðurstaðan var þess vegna sú að ég óskaði eftir því við fulltrúa Flugmálastjórnar að við fengjum hið fyrsta greinargerð um það sem hægt væri að gera tafarlaust, að öðru leyti til þess að treysta betur flugið inn á norðanverða Vestfirði, auka flugtíðnina og lengja flugtímann á hverjum sólarhring. Þarna vorum við að hugsa um hluti eins og alls konar tæknilegar lausnir, lagfæringu á vitanum í Ögri, betri lýsingu og annað það sem hægt væri að gera varðandi flugvöllinn á Ísafirði. En við óskuðum líka eftir því að menn færu í að skoða möguleika á lengingu flugvallarins á Þingeyri, svo að hann gæti sinnt enn betur hlutverki sínu sem varaflugvöllur fyrir svæðið, eins og hann er í dag. Þar hljóta að vera möguleikar og við vitum raunar að það eru miklir möguleikar þar.

Bætt aðstaða á flugvellinum á Þingeyri gerir það væntanlega að verkum að hægt verður að fljúga meira þangað þegar ekki er fært til lendingar á Ísafirði. Flugvöllurinn þar gegnir nú þegar miklu hlutverki. Þangað er flogið þegar ekki er fært til Ísafjarðar, en eins og bent hefur verið á þá hafa vélarnar oft farið af stað þó ófært væri til Ísafjarðar vegna þess að fært hefur verið til Þingeyrar. Hafi aðstæður lagast á meðan á fluginu stendur hafa vélarnar hins vegar síðan lent á Ísafirði. Af þessu má sjá að þetta skiptir norðanverða Vestfirði miklu máli," sagði Einar Kristinn.



Þingeyri

Pósturinn flytur í afgreiðslu sparisjóðsins

Afgreiðsla Íslandspósts á Þingeyri fluttist í síðustu viku yfir til Sparisjóðs Vestfirðinga að Fjarðargötu 2 á Þingeyri. Er þetta í gert í samræmi við samninga sem Íslandspóstur og Sparisjóður Vestfirðinga gerðu með sér um yfirtöku sparisjóðsins á póstafgreiðslu á stöðum þar sem hann hefur útibú. Hefur þetta þegar verið gert á Flateyri, í Súðavík og á Tálknafirði.

Segir Angantýr Valur Jónasson, sparisjóðsstjóri, að póstafgreiðslan á Þingeyri verði í meginatriðum óbreytt og þjónustan nánast sú sama og Íslandspóstur hefur boðið upp á. Þó verði breyting á afgreiðslutímanum sem verður frá kl. 09.15 til 16.00 alla virka daga. Þá verður loka í hádeginu alla daga nema föstudaga og segir Angantýr að komi einhver vandamál upp vegna þess þá verði reynt að koma til móts við það.

Þá verða pósthólfin aflögð og þeir sem hafa nýtt þau sækja póstinn sinn framvegis í afgreiðsluna hjá sparisjóðnum eða fá hann sendan heim.

Ertu orðin(n) áskrifandi?
Síminn er 456 4560

Víða var illfært og jafnvel ófært innanbæjar á Ísafirði. Myndin er tekin á Urðarvegi.

Á laugardag mátti víða sjá fólk með skóflu í hönd við að losa bíla sína.

Fyrsta alvöru vetrarlægðin kynnti sig um helgina

Sjúkraflutningamenn stóðu í ströngu í óveðri og ófærð

Enn er víða ófært innanbæjar á Ísafirði og í nágrannabyggðarlögunum þegar þetta er skrifað á mánudegi. Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni voru allir aðalvegir á Vestfjörðum orðnir færir á mánudag en víða var mikil hálka. Leiðin yfir Eyrarfjall í Ísafjarðardjúpi var þó ófær sem og Hrafnseyrarheiði og Dynjandisheiði.

Að sögn lögreglunnar á Ísafirði er ekki vitað um neina sérstök óhöpp vegna veðurofsans um síðustu helgi og virðist sem fólk hafi að mestu haldið sig heima á meðan óveðrið gekk yfir. Mikið annríki var hins vegar hjá lögreglunni við að veita upplýsingar um veður og færð og eins við að koma upplýsingum til björgunarsveitarmanna sem aðstoðuðu fólk í ófærð og þá sem þurftu nauðsynlega að komast til og frá vinnu s.s. starfsfólk Heilbrigðisstofnunar Ísafjarðarbæjar, Bræðratungu og Dvalarheimilisins Hlífar. Þá var talsverður erill í sjúkraflutningum og áttu sjúkraflutningsmenn í talsverðum erfiðleikum að komast leiðar sinnar í óveðrinu. Þurfti m.a. að kalla út tvo jeppa til að fylgja sjúkrabílnum í útkall á Flateyri síðdegis á laugardag.

Miklar rafmagnstruflanir urðu á Vestfjörðum aðfaranótt laugardags og fram eftir degi. Stöfuðu þær af bilun í Vesturlínu og vegna bilunar í streng milli aðveitustöðvar á Ísafirði og spennistöðvar á Stakkanesi. Eðlilegt ástand var komið á síðdegis á laugardag ef frá er talinn Árneshreppur en þar komst rafmagn ekki á fyrr en á sunnudagskvöld. Ljósmyndari blaðsins var á ferð um Ísafjörð á laugardag og á sunnudag og tók þá meðfylgjandi myndir.

Sjúkrabifreið að reyna að komast í gegnum snjóskafl á leið í útkall aðfaranótt laugardags.

Jeppamenn kættust aftur á móti yfir snjónum og leituðu uppi stærstu skaflana.

Maður og hundur á leið um Austurvöll á Ísafirði í óveðrinu á laugardag.

Þrátt fyrir blindbyl létu ökumenn þessara bíla ekkert stoppa sig við að ræða málin.

Mikil ófærð var á Silfurtorgi á Ísafirði eins og sjá má.

Vonbrigði fyrir vestan

„Opnið veginn upp á Bolafjall og yfir Breiðadalsheiði!“

Kristinn Snæland skrifar

Ferðaþjónustufólki á Vestfjörðum mislíkar gjarnan að lenda svona hálfpartinn útundan, þegar landsmenn fara hringinn um landið, en sleppa Vestfjörðum. Ferðafólki, sem ekki sleppir Vestfjörðum mislíkar sumu hinsvegar lokun áhugaverðra ferðaleiða eða staða á Vestfjörðum. Sumarið 1999 ók ég hjónum frá Sviss, miklum ljósmyndurum, um Vestfirði. Þetta ágæta fólk sem unnir Íslandi umfram önnur lönd, hefur verið með myndasýningar víða í Sviss og birt þar myndafrásagnir í blöðum.

Eftir að hafa ekið með fjölda fornbíla í hópferð upp á Bolafjall og kynnast hinu stórkostlega útsýni af fjallinu yfir og inn Djúp, var ætlunin að fara með hin svissnesku hjón á fjallið. Að þessu sinni var mér þó kunnugt um að keðja ein mikil væri orðin strengd yfir veginn þangað upp og á skilti við keðjuna tilkynnt að vegna geislahættu væri bannað að nota veginn. Ekki er gangandi vegfarendum bannað að ganga á fjallið og er það því dularfull geislahætta sem gerir mun á gangandi og akandi vegfarendum, en nóg um það að sinni.

Mitt fólk, ljósmyndararnir frá Sviss er eldra fólk, en auk þess er maðurinn bundinn í hjólastól. Undanþágа fékkst fyrir okkur frá geislahættunni og þar með leyfi til þess að aka á fjallið. Tími fyrir opnun keðjunnar var fundinn og eftir ferð yfir í Skálavík mættum við nokkuð fyrir tímann við keðjuna. Eftir um klukkutíma bið umfram tilsettan tíma gafst fólkið upp og hurfum við þar með á braut, mér til mikillar skapraunar. Veður var með eindæmum gott og skyggni til myndatöku af fjallinu frábært en þarna missti vestfirsk ferðaþjónusta af fögrum myndum sem hefðu getað lokkað svissneskt ferðafólk til Vestfjarða.

Aðra ferð fórum við þessa daga á góðan útsýnisstað, eða upp í skarðið á Breiðadalsheiði. Hugmyndin var sú að reyna að aka alla leið upp að fjarskiptamöstrunum, upp úr skarðinu og síðan niður í Breiðadalinn og um göngin til baka. Skemmst er frá því að segja að vegurinn upp úr skarðinu var svo grýttur að ekki var hann fólksbílsfær og svo hitt að sunnan í Kinninni var ófær skafl sem lokaði veginum enn og þó var kominn 21. júlí. Hurfum við frá, til baka og ókum um göngin í Önundarfjörð. Breiðadalsmegin kom auk þess í ljós að búið var að ýta neðsta hluta gamla vegarins burt. Að hafa veginn á Bolafjall lokaðan, ýta í sundur veginum upp Breiðadalsheiði og ryðja ekki smá skafli úr vegi er svona á vissan hátt eins og að segja við ferðafólk, hingað hafið þið ekkert erindi ykkur til skemmtunar.

Ég bið ferðamálafólk fyrir vestan, í öllum bænum, fáið utanríkisráðherra til þess að opna veginn upp á Bolafjall, setja bara þar skilti við veginn sem segir vegfarendum, að veg þennan fari þeir algerlega á eigin ábyrgð enda sé þetta einkavegur. Semjið svo við Vegagerðina um að ryðja Kinnina svona um miðjan júní og renna í leiðinni með hefil eina ferð yfir heiðina. Ekki spillti að grjóthreinsa veginn upp á toppinn úr skarðinu.

Þess má geta Siglfirðingum til mikils sóma, að veginn um Siglufjarðarskarð grjóthreinsa þeir á hverju sumri og gera hann þokkalega færan um hásumarið. Athugið að einungis lítill hluti ferðafólks er gangufólk. Gleymið ekki öldruðum, hreyfihömluðum og ungu fólki með börn. Þetta er stór hluti ferðafólks, líklega meirihluti þess.

Kristinn Snæland.

Skaflinn í Kinninni á Breiðadalsheiði.

---

4. bekkur Grunnskóla Bolungarvíkur

Hæstur yfir landið á samræmdum prófum í stærðfræði

Nemendur 4. bekkjar Grunnskóla Bolungarvíkur urðu efstir yfir landið í stærðfræði og í 16. sæti í íslensku á samræmdum prófum sem haldin voru sl. haust. Með í þennan reikning eru teknir allir skólar landsins þar sem ellefu nemendur eða fleiri eru í árgangi, eða alls 101 skóli. Normaldreifð einkunn nemenda í Grunnskóla Bolungarvíkur var 6.9 í stærðfræði og 5.6 í íslensku. Alls þreyttu 16 nemendur í 4. bekk bæði prófin.

Á sama tíma voru haldin samræmd próf í sömu greinum í 7. bekk um allt land en alls voru 97 skólar með ellefu nemendur eða fleiri í þeim árgangi. Þar var árangurinn hjá Grunnskóla Bolungarvíkur einnig mjög góður og vel yfir meðallagi, eða 16. sætið í stærðfræði og 45. sætið í íslensku. Í stærðfræðinni var normaldreifð einkunn nemenda Grunnskóla Bolungarvíkur 5.5 og í íslenskunni 5.0. Prófin þreyttu 11 nemendur í 7. bekk.

Anna Guðrún Edvardsdóttir, skólastjóri Grunnskóla Bolungarvíkur, segir að til þess að árangur sem þessi náist þurfi margt að koma til, ekki síst þegar um svo frábæra frammistöðu er að ræða sem efsta sætið yfir landið í stærðfræði. „Í fyrsta lagi eru það nemendurnir sjálfir og þessir bekkir, sérstaklega 4. bekkur, eru nokkuð sterkir. Í öðru lagi hafa báðir bekkirnir verið með sama umsjónarkennarann í mörg ár þannig að stöðugleikinn í kennslunni er mikill.

Í þriðja lagi hefur stöðugleiki í öllu kennaraliðinu og skólastarfinu aukist. Réttindakennurum hefur fjölgað og sami kennarahópurinn hefur verið undanfarin ár“. Hún segir einnig að mikill stuðningur og jákvætt viðhorf til skólans frá bæjaryfirvöldum og bæjarbúum skipti miklu máli og ekki megi vanmeta áhrif þess.

3X STÁL

Rafvirki

Óskum eftir að ráða rafvirkja til starfa. Þarf að geta hafið störf sem fyrst. Umsóknum skal skilað inn í síðasta lagi 9. febrúar nk.

Upplýsingar gefur Jóhann Jónasson, framkvæmdastjóri á staðnum eða í síma 456 5079.

Hjartalæknir

Davíð Arnar sérfræðingur í hjartasjúkdómum verður með móttöku á Ísafirði dagana 13. - 15. febrúar.

Tímapantanir í síma 450 4500 milli kl. 8-16 alla virka daga.

Ekkert næturflug til Ísafjarðar

Stakkur skrifar

Samgöngur eru snar þáttur í nútímalífi. Kröfur samfélagsins eru þær að auðvelt sé að komast á milli staða innanlands og til útlanda. Nýkynnt samgönguáætlun sýnir glöggt að ætlunin er að landsmenn komist á skömmum tíma til höfuðborgarinnar og heim aftur og auðvitað skiptir það alla íbúa miklu að ferðalög séu greið, taki ekki of langan tíma og kosti ekki of mikið.

Vestfirðingar eiga mikið undir samgöngum. Vegir hafa batnað og nú er kleift að aka til annarra landshluta allt árið um kring, ef veður og færð hamlar ekki. Flugið er hraðasti samgöngumátinn og skiptir þá íbúa Íslands er lengstan veg eiga að sækja til Reykjavíkur enn meira máli en þá sem nær búa. Í höfuðborginni er miðstöð stjórnsýslu og verslunar og þar situr Alþingi. En þar eru líka hátæknisjúkrahúsin og þangað þarf margt að sækja. Vestfirðingar þekkja mikilvægi flugsins og nægir að nefna hve efitt veðurfar undanfarnar vikur og mánuði hefur haft á tíðni þess. Flug hefur fallið oft niður og komið sér illa. En enginn ræður við veður. Bættar samgöngur á landi hafa reynst vel. Fólk hefur komist til að sinna erindum sínum þótt flug hafi fallið niður. En stundum er ófært bæði landveg og lofts.

Það þarf því engan að undra að margur hafi horft til þess möguleika að fljúga til og frá Ísafirði að næturlagi. Oft gerist það að veður gengur niður eftir myrkur og stundum líður birtutíminn án þess að nauðsynlegum mokstri sé lokið bæði á flugvelli og vegum sem fólk þarf að komast um svo að því sé kleift að nota flugið. Niðurstaða sérfræðinga þess efnis að næturflug sé ekki kostur í stöðunni vegna áhættuþátta er ákveðin vonbrigði fyrir þau okkar sem gert höfðu sér vonir um að til þess kæmi að flogið yrði að næturlagi til Ísafjarðar og þaðan til Reykjavíkur. Áhættan er of mikil. Bæjarstjórn ætlar að óska eftir því að skoða verði hvað hægt sé að gera til þess að eyða áhættuþáttum og auka líkur á næturflugi.

Sennilega dugar það ekki. Flugfélag Íslands hefur lýst því yfir að það hafi ekki áhuga á næturflugi. Þótt ekki kæmi annað til þá sé það einfaldlega of dýrt að halda úti flugi að nóttinni. Það þýðir að sjálfsögðu að hafa þarf fólk í vinnu og borga því meira kaup eðli málsins samkvæmt að nóttunni. Þegar þessi staðreynd bætist við niðurstöðu dönsku sérfræðinganna má öllum ljóst vera að næturflug um Ísafjarðarflugvöll verður ekki tekið upp í bráð og sennilega aldrei nema íbúum hér um slóðir taki að fjölga verulega. Hvað er þá til ráða? Samgöngur á landi taka mikinn tíma, of mikinn til þess að koma að öllu leyti stað flugs. Auka þarf möguleika til flugs og skoða þar af leiðandi möguleika á því að bæta skilyrði á Þingeyrarflugvelli. Hann þarf væntanlega að lengja og malbika og tryggja að hann verði raunverulegur varaflugvöllur þegar flug til Ísafjarðar er ómögulegt vegna veðurs. Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þarf að taka þetta mál upp við alþingismenn Vestfirðinga hið fyrsta. Kanna þarf alla kosti í stöðunni, sem geta bætt flugsamgöngur. Það eru ótvíræðir hagsmunir íbúa Ísafjarðarsýslna

Netspurningin

Spurt var:

Ertu ánægð(ur) með leik íslenska landsliðsins í handbolta á EM?

Alls svöruðu 904.
Já sögðu 833 eða 92,15%
Nei sögðu 58 eða 6,42%
Óvissir voru 13 eða 1,44%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Aðeins er tekið við einu svari frá hverri tölvu. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í ***Bæjarins besta*** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum ***Stakks*** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Einstaklingar sem ekki tilheyra neinu átthagafélagi

Létu ekki óveður aftra sér frá því að blóta þorra

Þorrablót var haldið í Faktorshúsinu í Hæstakaupstað sl. laugardagskvöld og var þar samankomið fólk sem ekki tilheyrir neinu sérstöku átthagafélagi og er hálfpartinn umkomulaust í hinni fjölbreyttu flóru þorrablóta sem haldin eru hér vestra. Segir Áslaug J. Jensdóttir, vert í Hæstakaupstað, að þarna hafi verið á ferðinni fólk sem greinilega átti ættir til mikilla hetja og harðjaxla því það hafi ekki látið norðanstorm og skafmold aftra sér frá því að gæða sér á ljúffengum og vellyktandi þorrakræsingum.

Að sögn Áslaugar voru nokkrar vangaveltur um hvort fresta ætti þorrablótinu vegna óveðursins en að endingu var ákveðið að láta slag standa og víkja ekki frá því að blóta þorrann enda maturinn til reiðu og þrátt fyrir að þarna væri um þorramat að ræða þá væri alltaf eitthvað sem ekki þyldi geymslu. Vissulega hafi ekki allir treyst sér til að mæta en flestir sem greiða leið áttu að heiman létu engan bilbug á sér finna og mættu á þorrablótið, sumir nokkuð veðurbarnir en allir glaðir og léttir í lund.

Að sjálfsögðu var boðið upp á skemmtiatriði og það var enginn annar en sjálfur bæjarlistamaðurinn Villi Valli sem skemmti gestum með harmonikkuspili. Þá var fjöldasöngur og sagðar nokkrar skemmtisögur. Að sögn Áslaugar var veislan haldin uppi á lofti í Faktorshúsinu en þar er lítill salur sem við þetta tækifæri var tekinn formlega í notkun. Hún segir að fólk hafi náð mjög vel saman þarna undir súðinni og skemmt sér langt fram eftir nóttu meðan Þorri sjálfur lét bresta í aldagömlum viðnum og gnauðaði á gluggum.

Á laugardagskvöld átti einnig að halda þorrablót Hnífsdælinga í Félagsheimilinu Hnífsdal og þorrablót Súgfirðinga í Félagsheimilinu á Suðureyri en þeim var báðum frestað vegna veðurs. Fyrir liggur að þorrablót Súgfirðinga verður haldið föstudaginn 23. febrúar nk. en ekki er búið að taka ákvörðun um hvenær þorrablót Hnífsdælinga verður haldið.

Steinunn Einarsdóttir, Guðlaugur Hilmarsson, Ingibjörg Einarsdóttir og Haraldur Júlíusson voru á meðal gesta í þorrablótinu.

Hjónin Helga Marsellíusardóttir og Þórður Pétursson voru á meðal gesta í þorrablótinu.

Hjónin Áslaug Jóhanna Jensdóttir og Magnús Alfreðsson.

Unnur Brá Konráðsdóttir, Haraldur Júlíusson, Oddur Árnason og Guðbjörg Stefánsdóttir.

Umboðsskrifstofa TM á Ísafirði flytur

Umboðsskrifstofa Tryggingamiðstöðvarinnar hf. á Ísafirði mun flytja þann 7. febrúar úr Hafnarhúsinu í skrifstofu að **Hafnarstræti 7.**
Nýtt símanúmer er 450-5200 og nýtt faxnúmer 456-5392.

Viðar Örn Sveinbjörnsson er starfsmaður umboðsins í fullu starfi og verður Olíufélag útvegsmanna á Ísafirði eftir sem áður með umboð TM.
Skrifstofan verður opin alla virka daga frá kl. 09:00 til 17:00.

Umboð TM á Ísafirði nær til
Bolungarvíkur, Flateyrar, Hólmavíkur, Súðavíkur og Þingeyrar.

TM býður alla velkomna á nýja staðinn að Hafnarstræti 7 fimmtudaginn 7. febrúar og hitta tryggingaráðgjafa sem eru reiðubúnir til að veita allhliða ráðgjöf og upplýsingar varðandi tryggingamál. Einnig verður boðið upp á kaffi og meðlæti.

TM

TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN HF

- þegar mest á reynir!

www.tmhf.is

Hafnarstræti 7 • 400 Ísafjörður
Sími 450 5200 • Fax 456 5392
GSM 892 8584
Netfang isafjordur@tmumbod.is

helgardagbókin

skemmtanir • fundir • fólk • sjónvarp • veður • íþróttir • fréttir • kirkjustarf

veðrið

Horfur á fimmtudag:
NA 8-13 m/s og snjókoma norðvestantil, en fremur hæg breytileg átt og skýjað með köflum annars staðar. Frost 0-12 stig
Horfur á föstudag:
Norðlæg eða breytileg átt, yfirleitt 5-10 m/s. Éljagangur á norðan- og austanverðu landinu, en víða léttskýjað sunnan- og vestantil. Áfram kalt.
Horfur á laugardag:
Norðlæg eða breytileg átt, yfirleitt 5-10 m/s. Éljagangur á norðan- og austanverðu landinu, en víða léttskýjað sunnan- og vestantil. Áfram kalt.
Horfur á sunnudag:
Norðlæg eða breytileg átt, yfirleitt 5-10 m/s. Éljagangur á norðan- og austanverðu landinu, en víða léttskýjað sunnan- og vestantil. Áfram kalt.
Horfur á mánudag:
Austlæg átt og víða dálítil snjókoma eða él. Hægt hlýnandi veður.

netið

Veitingavefurinn.is er skemmtilegur upplýsingavefur fyrir áhugamenn um veitingar og matreiðslu enda er þarna fjallað um allt sem viðkemur mat og veitingamenningu á Íslandi. Vefurinn er mjög aðgengilegur þeim sem hann heimsækja og með góðu móti hægt að nálgast þar mikið magn upplýsinga. Á forsíðu eru fréttir af öllu því nýjasta sem er að gerast í þessum bransa og sömuleiðis má finna þarna áhugaverðar greinar og viðtöl. Á vefnum er einnig dagskrá yfir ýmsa viðburði sem eru á döfinni á næstu vikum og mánuðum, sem og upplýsingar um matreiðslukeppnir bæði innanlands og utan. Fjallað er um nýjar og eldri matreiðslubækur, aðallega íslenskar en eitthvað slæðist þó með af erlendum bókum. Síðast en ekki síst eru þarna skráðir í stafrófsröð allir þeir veitingastaðir á Íslandi sem hafa komið sér upp heimasíðu og umfjöllun um þá eftir því sem tök eru á.

SJÓNVARPIÐ

Föstudagur 8. febrúar

17.05 Leiðarljós
17.50 Táknmálsfréttir
18.05 Stubbarnir (77:90)
18.35 Nornin unga (15:24)
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljósið
20.10 Gettu betur
21.15 Mömmudrengur. *(My Mother Frank)* Áströlsk gamanmynd frá 2000 um afskiptasama mömmu sem fer í sama skóla og sonur hennar. Þar mætast gamli og nýi heimurinn með hroðalegum afleiðingum.*Aðalhlutverk: Nicholas Bisöhop, Rose Byrne, Annie Byron, Lynette Currö-an og Sinéad Cusack.*
22.50 Samband. *(Contact)* Bandarísk bíómynd frá 1997 byggð á sögu eftir Carl Sagan um unga konu sem hefur helgað líf sitt könnun á lífi á öðrum hnöttum. Eftir langa bið berast henni skilaboð utan úr geimnum. *Meðal leikenda eru Jodie Foster, Jena Malone, Matthew McConaughey, David Morse og John Hurt.*
01.15 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Laugardagur 9. febrúar

09.00 Morgunsjónvarp barnanna
09.02 Stubbarnir (79:90)
09.30 Bubbi byggir (20:26)
09.45 Litlu skrímslin (31:52)
09.50 Gulla grallari (18:26)
10.25 Pokémon (32:52)
10.45 Búrabyggð (40:96)
11.10 Kastljósið
11.35 Mósaík
12.10 At
12.35 Skjáleikurinn
13.40 Markaregn
14.25 Þýski fótboltinn. Bein útsending frá leik í úrvalsdeildinni.
16.30 Íslandsmótið í handbolta. Bein útsending frá leik í Essó-deildinni.
18.00 Táknmálsfréttir
18.10 Vinsældir (21:22)
18.54 Lottó
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljósið
20.00 Milli himins og jarðar
21.00 Kona, karl og krakki. *(The Next Best Thing)* Gamanmynd frá 2000. Abbie og vinur hennar, sem er hommi, ákveða að eignast barn saman. Fimm árum seinna kemur babb í bátinn þegar Abbie verður ástfangin af öðrum manni. *Aðalhlutverk: Madonna, Rupert Everett, Benjamin Bratt og Ileana Douglas.*
22.50 Forfallakennarinn 2. *(The Substitute 2)* Spennumynd um mann sem ræður sig sem forfallakennara við skóla í New York til að finna morðingja bróður síns og hefna hans. *Aðalhlutverk: Treat Williams.*
00.20 Tilraunaflug. *(Theory of Flight)* Bresk mynd byggð á sannri sögu um mann sem er kærður fyrir að reyna að fljúga fram af húsi og örlagaríkt kynni hans af ungri konu. e.*Aðalhlutverk: Helena Bonham Carter og Kenneth Branagh.*
01.55 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Sunnudagur 10. febrúar

09.00 Morgunsjónvarp barnanna
10.22 Babar (32:65)
10.55 Stafakarlarnir (18:24)
11.05 Nýjasta tækni og vísindi
11.20 Kastljósið
11.45 Skjáleikurinn
15.40 Mósaík
16.15 Markaregn
17.00 Geimferðin (8:26)
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Stundin okkar
18.30 Táningar (5:6)
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljósið
20.00 Íslensku tónlistarverðlaunin. Bein útsending frá afhendingu íslensku tónlistarverðlaunanna í Borgarleikhúsinu.
22.00 Helgarsportið
22.25 Börn síns tíma. *(Les enfants du siecle)* Frönsk bíómynd frá 1999 um stormasamt ástarsamband skáldanna George Sand og Alfreds de Mussets. *Aðalhlutverk: Juliette Binoche, Benoît Magimel, Stefano Dionisi og Robin Renucci.*
00.40 Kastljósið
01.05 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Ertu orðin(n) áskrifandi?
Síminn er 456 4560

STÖÐ 2

Föstudagur 8. febrúar

06.58 Ísland í bítið
09.00 Glæstar vonir
09.20 Í fínu formi
09.35 Oprah Winfrey (e)
10.20 Á Lygnubökkum (26:26) (e)
10.45 Jag (1:24) (e)
11.35 Myndbönd
12.00 Nágrannar
12.25 Í fínu formi
12.40 Ó, ráðhús (18:23) (e)
13.00 Á rangri hillu. *(Safe Men)* Tveir hæfileikasnauðir söngvarar ramba inn í bæinn Providence. Leiðtogi undirheimanna telur þá vera meistaraþjófa og neyðir þá til að ganga til liðs við sig. Þeir gera sitt besta til að standa undir kröfunum en samstarfið við hina þrjótana gengur upp og ofan. *Aðalhlutverk: Michael Lerner, Sam Rockwell, Steve Zahn.*
14.35 Andrea (e)
15.00 NBA-tilþrif
15.30 Simpson-fjölskyldan (22:23)
16.00 Barnatími Stöðvar 2
18.05 Seinfeld
18.30 Fréttir
19.00 Ísland í dag
19.30 Simpson-fjölskyldan (14:21)
20.00 Lokað vegna veðurs. *(Snow Day)* Fjörug fjölskyldumynd. Eftir mikið fannfergi í ónefndum bæ í Bandaríkjunum neyðast yfirvöld til að aflýsa skólahaldi. Krakkarnir taka þessum fréttum fagnandi og ætla að gera sitt til að skólinn verði lokaður sem lengst. Til að áform þeirra gangi eftir þurfa þau að stela snjóruðningsbílnum og komast í felur. Þetta verður ekki auðvelt en krakkarnir deyja ekki ráðalausir.*Aðalhlutverk: Chris Elliott, Mark Webber, Jean Smart, Iggy Pop, Chevy Chase.*
21.35 Blóðsugubaninn Buffy (21:22)
22.25 Svartir og hvítir. *(Black and White)* Þriggja stjarna mynd um litríkar persónur í New York. Hjónin Terry og Sam eru að gera heimildamynd um nokkur ungmenni sem eru farin að leggja leið sína í Harlem. Þar sameinast svört og hvít ungmenni í áhuga sínum á tónlist eins og rappi og hip-hop. Þetta er skemmtilegur tími en líka lærdómsríkur því unga fólkið þarf að taka afstöðu til hluta eins og eiturlyfja og kynlífs. *Aðalhlutverk: Scott Caan, Robert Downey Jr., Stacy Edwards, Allan Houston.*
00.05 Buffalo 66. Billy Brown hefur eytt undanförnum árum á bak við lás og slá og snýr nú aftur til heimabæjar síns. Hann hefur logið því árum saman að hann hafi í raun verið á mála hjá ríkisstjórninni við mjög leynilegt verkefni. Foreldrar hans hafa einungis áhuga á að hitta spúsu hans en Billy á enga slíka og reddar því með því að ræna stúlku að nafni Layla. Billy og Layla eru bæði ólíkindatól en ekki er laust við að ástin geti blómstrað á milli þeirra. *Aðalhlutverk: Mickey Rourke, Rosanna Arquette, Kevin Pollak, Vincent Gallo.*
01.50 Á rangri hillu. *(Safe Men)* Tveir hæfileikasnauðir söngvarar ramba inn í bæinn Providence. Leiðtogi undirheimanna telur þá vera meistaraþjófa og neyðir þá til að ganga til liðs við sig. Þeir gera sitt besta til að standa undir kröfunum en samstarfið við hina þrjótana gengur upp og ofan. *Aðalhlutverk: Michael Lerner, Sam Rockwell, Steve Zahn.*
03.15 Seinfeld
03.40 Ísland í dag
04.05 Tónlistarmyndbönd

Laugardagur 9. febrúar

08.00 Barnatími Stöðvar 2
10.05 Kalli kanína
10.15 Rámur: Björgunin mikla
11.50 Glæstar vonir
13.35 60 mínútur
14.20 Alltaf í boltanum
14.45 Enski boltinn. Bein útsending.
17.05 Best í bítið
17.40 Oprah Winfrey
18.30 Fréttir
18.55 Lottó
19.00 Ísland í dag
19.30 Dharma og Greg (21:24)
20.00 Vinir (3:24)
20.30 Ástin segir sex. *(Love and Sex)* Rómantísk gamanmynd. Flestir álíta að ungar og fallegar konur eigi ekki í neinum vandræðum með að finna sanna ást. Blaðakonan Kate Welles veit þó af eigin raun að því fer víðs fjarri. Hún er nú að setja saman grein um raunir einhleypra kvenna og hvernig þær upplifa stefnumót og allt sem því fylgir. Sjálf hefur Kate ekki gefið alla karlmenn upp á bátinn og vonar að Adam Levy, nýjasti vinur hennar, sé undantekningin frá reglunni. *Aðalhlutverk: Famke Janssen, Jon Favreau, Noah Emmerich, Cheri Oteri.*

The Patriot

Föðurlandsvinurinn, eða The Patriot er 3ja stjörnu mynd sem Stöð 2 sýnir kl. 21:55 á laugardagskvöld. Stríðshetjan Benjamin Martin hefur fengið nóg af átökum og helgar sig nú plantekru sinni í Suður-Karólínu. Árið er 1776 og ófriður ríkir í landinu og breskir harðstjórar vilja sölsa undir sig völdin. Átök eru óumflýjanleg og þegar Martin missir ástvin er ekki aftur snúið. Hann gengur í herinn og fer fljótt að leggja á ráðin hvernig best sé að sækja fram. Aðalhlutverk er í höndum Mel Gibson.

21.55 Frelsishetjan. *(The Patriot)* Þriggja stjarna meistaraverk. Stríðshetjan Benjamin Martin hefur fengið nóg af átökum og helgar sig nú plantekru sinni í Suður-Karólínu árið 1776. Ófriður ríkir í landinu og breskir harðstjórar vilja sölsa undir sig völdin. Átök eru óumflýjanleg og þegar Martin verður fyrir persónulegum missi er ekki aftur snúið. Hann gengur í herinn og fer fljótt að leggja á ráðin um hvernig best sé að sækja fram. *Aðalhlutverk: Mel Gibson, Heath Ledger, Joely Richardson, Jason Isaacs.*
00.35 Svik og prettir. *(Trial and Errors)* Hér segir af upprennandi lögfræðingi, Charles Tuttle, sem er að fara að giftast dóttur yfirmanns síns. En áður en af brúðkaupinu verður er Charles beðinn um að leysa smáverkefni. Hann þarf að verja frænda yfirmanns síns sem hefur lifað á svikastarfsemi undanfarin 50 ár og er nú ákærður fyrir að hafa platað fólk til að kaupa bronssleginn minningarskjöld af Abraham Lincoln. *Aðalhlutverk: Jeff Daniels, Michael Richards.*
02.10 Frumskógarhiti. *(Jungle Fever)* Í þessari mynd er tekið á kynþáttafordómum og vandræðum hjónabandsins. Giftur maður af afrískum uppruna á í ástarsambandi við vinnufélaga sinn og þegar upp kemst um framhjáhaldið þarf hann ekki einungis að standa frammi fyrir fjölskyldu sinni heldur einnig kynþáttafordómum. *Aðalhlutverk: Annabella Sciorra, Wesley Snipes, Spike Lee.*
04.20 Tónlistarmyndbönd

Sunnudagur 10. febrúar

08.00 Barnatími Stöðvar 2
12.00 Myndbönd
12.15 Nágrannar
14.10 60 Minutes II
15.00 Frumskógarfjör. *(Jungle 2 Jungle)* Frábær gamanmynd frá Walt Disney um framagosa í New York sem fer til Afríku til að fá sína fyrrverandi til að undirrita skilnaðarpappíra. Þetta verður hins vegar mjög sögulegt ferðalag því karlinn kemur til baka með son sem hann hafði ekki hugmynd um að hann ætti. Strákurinn, sem er alinn upp í frumskógum Afríku, aðlagast ekki svo vel í stórborgarsamfélaginu. Maltin gefur þrjár stjörnur. *Aðalhlutverk: Tim Allen, Martin Short, Jobeth Williams, Lolita Davidovich.*
16.45 Andrea (e)
17.10 Sjálfstætt fólk (e)
17.40 Oprah Winfrey
18.30 Fréttir
19.00 Ísland í dag
19.30 Viltu vinna milljón?
20.25 Bræðrabönd (7:10) *(Band of Brothers)* Mennirnir í Easy-fylkinu eru að niðurlotum komnir en þeir verða að ná bænum Foy úr óvinahöndum. Vegna kunnáttuleysis sveitaforingjans deyja fjölmargir eða særast í hörðum sprengjuárásum. Easy-fylkinu tekst við illan leik að ná Foy en fórnin er mikil. Bönnuð börnum.
21.40 60 mínútur
22.30 Vegir ástarinnar. *(Wings of the Dove)* Vönduð og áhrifarík bíómynd sem gerð er eftir skáldsögu Henrys James um innri togstreitu ungrar konu úr efnastétt sem þorir ekki að láta hjartað ráða för. Hún er ástfangin af manni úr verkalýðsstétt en blind ást gæti kostað hana stöðu hennar í þjóðfélaginu. Vinátta stúlkunnar við heiðvirða bandaríska konu verður til að flækja stöðu hennar enn frekar. *Aðalhlutverk: Helena Bonham Carter, Elizabeth McGovern, Linus Roache.*
00.10 Frumskógarfjör. *(Jungle 2 Jungle)* Frábær gamanmynd frá Walt Disney um framagosa í New York sem fer til Afríku til að fá sína fyrrverandi til að undirrita skilnaðarpappíra. Þetta verður hins vegar mjög sögulegt ferðalag því karlinn kemur til baka með son sem hann hafði ekki hugmynd um að hann ætti. Strákurinn, sem er alinn upp í frumskógum Afríku, aðlagast ekki svo vel í stórborgarsamfélaginu. Maltin gefur þrjár stjörnur. *Aðalhlutverk: Tim Allen, Martin Short, Jobeth Williams, Lolita Davidovich.*
01.55 Tónlistarmyndbönd

SÝN

Föstudagur 8. febrúar

18.00 Heklusport
18.30 Íþróttir um allan heim
19.30 Alltaf í boltanum
20.00 Gillette-sportpakkinn
20.30 Trufluð tilvera (4:14)
21.00 Boðflennur. *(Strange Invaders)* Hörkuspennandi kvikmynd um dularfulla atburði. Fyrrverandi eiginkona Charlies hefur gufað upp. Hann fer á æskuslóðir hennar en þar hefur enginn heyrt á hana minnst. Charlie fær sömu svör þegar hann spyr um foreldra hennar eða aðra ættingja. Það eru engu líkara en þetta fólk hafi aldrei verið til. Alríkislögreglan hefur engan áhuga á málinu en þegar dagblað greinir frá leit Charlies að týndu eiginkonunni kemst loks hreyfing á málið. *Aðalhlutverk: Paul Lemat, Nancy Allen, Diana Scarwid, Michael Lerner.*
22.30 Gjörgæslan. *(Critical Care)* Þegar ungur og metnaðarfullur læknakandídat verður ástfanginn af dóttur sjúklings síns er ekki laust við að kynnin hafi áhrif á framgang meðferðar. Sjúklingurinn liggur í dái og óvíst að hann vakni nokkurn tímann. Dóttirin vill að faðir hennar fái að deyja með reisn en systir hennar er á allt öðru máli. Maltin gefur tvær og hálfa stjörnu.*Aðalhlutverk: James Spader, Kyra Sedgwick, Helen Mirren, Margo Martindale, Anne Bancroft, Albert Brooks.*
00.15 Í sárum. *(Wounded)* Veiðiþjófur að nafni Hanaghan drepur unnusta Julie Clayton en einhverra hluta vegna vill alríkislögreglan ekki gefa henni upplýsingar um framgang rannsóknarinnar. Julie er ekki sátt við þessi vinnubrögð og ætlar sér að komast til botns í þessu máli á eigin spýtur. *Aðalhlutverk: Mädchen Amick, Graham Greene, Adrian Pasdar.*
01.50 Dagskrárlok og skjáleikur

Sportið í beinni

Ríkissjónvarpið

Laugardagur 9. febrúar kl. 14:25
Þýski boltinn: Leikur óákveðinn
Laugardagur 9. febrúar kl. 16:30
Íslandsmótið í handbolta: Leikur óákveðinn

Sýn

Miðvikudagur 6. febrúar kl. 19:35
Enski boltinn: West Ham United – Chelsea
Laugardagur 9. febrúnar kl. 15:00
Bikarkeppni KKÍ (kvennafl.): KR – UMFN
Laugardagur 9. febrúar kl. 17:00
Bikarkeppni KKÍ (karlafl.): KR – UMFN

Rapp, eiturlyf og kynlíf

Robert Downey jr. leikur eitt af aðalhlutverkunum í þriggja stjörnu mynd um litríkar persónur í New York sem Stöð 2 sýnir kl. 22:25 á föstudagskvöld. Myndin heitir Svartir og hvítir eða Black and White, og er frá árinu 1999. Hjón-in Terry og Sam eru að gera heimildarmynd um nokkur ungmenni sem eru farin að leggja leið sína í Harlem. Þar sameinast svört og hvít ungmenni í áhuga sínum á tónlist eins og rappi og hip-hop. Þetta er skemmtilegur tími en líka lærdómsríkur því unga fólkið þarf að taka afstöðu til hluta eins og eiturlyfja og kynlífs.

Arnar G. Hinriksson hdl.
Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

Hef til sölu fasteignir víða á Vestfjörðum

Allar nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu

Laugardagur 9. febrúar

18.00 Íþróttir um allan heim
19.00 Hálendingurinn (4:22)
20.00 Eitt sinn þjófur (22:22)
21.00 Guðirnir hljóta að vera geggjaðir. *(The Gods Must Be Crazy II)* Þriggja stjarna gamanmynd sem gerist meðal búskmanna í óbyggðum Afríku. Xixo er mættur aftur til leiks og hefur í nógu að snúast eins og fyrri daginn. Meðal búskmannanna lendir hámenntuð borgarkona. Hún fær hrikalegt menningaráfall og tveimur litlum búskbörnum er óvart ekið burt úr auðninni á vit "siðmenningarinnar". *Aðalhlutverk: N!xau, Lena Farugia, Hans Strydom.*
22.35 Hnefaleikar - Roy Jones Jr. Útsending frá hnefaleikakeppni í Miami í Flórída.
00.35 Kynlífsvíddir. Erótísk kvikmynd.
02.00 Dagskrárlok og skjáleikur

Sunnudagur 10. febrúar

13.45 Ítalski boltinn. Bein útsending.
15.55 Enski boltinn. Bein útsending frá leik ***Everton*** og ***Arsenal.***
18.00 Golfmót í Bandaríkjunum
18.55 Einvígið á Írlandi. Ólafur Þór Ágústsson GK og Sigurður Sigurjónsson leikari mættu Guðmundi Ingva Einarssyni GR og Sigurði V. Sveinssyni handboltakappa á Sýnarmótinu í golfi sem haldið var á K-Club vellinum á Írlandi. Keppt var með Texas Scramble fyrirkomulagi.
19.40 Rísandi sól. *(Rising Sun)* Lögreglumaðurinn Web Smith lendir í hremmingum þegar honum er falið að rannsaka viðkvæmt morðmál sem tengist voldugu, japönsku stórfyrirtæki í Los Angeles. Með dularfullu símtali er honum tjáð að John Connor, sem er sérfróður um allt sem tengist Japan, muni vinna að lausn málsins með hon-um. Connor þessi er grunaður um að vera í of nánum tengslum við japanska aðila og að hafa þegið fé af þeim. *Að-alhlutverk: Sean Connery, Wesley Snipes, Harvey Keitel, Kevin Anderson.*
22.00 NBA. Bein útsending frá stjörnuleik NBA sem fram fer í Fíladelfíu.
01.00 Dagskrárlok og skjáleikur

SKJÁREINN

Föstudagur 8. febrúar

16.30 Muzik.is
17.30 Jay Leno
18.30 Johnny International (e)
19.30 Yes Dear
20.00 CBS
21.00 Þátturinn
22.00 Djúpa laugin. Þórey Eva og Júlíus Hafstein koma Íslendingum á stefnumót. Þátturinn er í beinni útsendingu.
22.50 The Practice (e)
23.40 Temptation Island II (e)
00.30 Jay Leno (e)
01.20 Boston Public
02.00 Muzik.is
03.00 Óstöðvandi tónlist

Laugardagur 9. febrúar

12.30 48 Hours
13.30 Law & Order
14.30 Jay Leno
15.30 Djúpa laugin
16.30 Survivor – Reunion (e)
17.30 Þátturinn (e)
18.30 Fyrirgefðu (e)
19.30 King of Queens
20.00 Johnny International. Í þættinum í kvöld kannar Johnny klámiðnaðinn. Hann hittir "sadó/masó" lið í Köben, fer á strippbúllur, ræðir við klámmyndaleikkonu og fer á pornomuseum. Þátturinn endar svo á mikilli dramatík - vertu við öllu búinn. Varað er við atriðum í þættinum
21.00 Íslendingar Spurninga- og spjallþáttur í umsjón Fjalars Sigurðarsonar. Í þættinum í kvöld keppir Írafárspar-ið Birgitta Haukdal og Jóhann Bachman, betur þekktur sem Hanni, við Eruovision-farana Gunnar Ólason og Kristján Gíslason.
22.00 Dateline
22.50 C.S.I. (e)
23.40 Jay Leno (e)
01.10 Profiler (e)
02.00 Muzik.is
03.00 Óstöðvandi tónlist

Sunnudagur 10. febrúar

12.30 Silfur Egils
14.00 Mótor
14.30 Dateline (e)
15.30 The Practice (e)
16.30 Innlit-Útlit (e)
17.30 Judging Amy (e)
18.30 Fólk – með Sirrý (e)
19.30 Two guys and girl
20.00 Dateline
21.00 Silfur Egils
22.30 Íslendingar (e)
23.20 CBS (e)
00.10 Jay Leno (e)
01.00 Muzik.is
02.00 Óstöðvandi tónlist

Sunnudagur 10. febrúar kl. 13:45
Ítalski boltinn: Leikur óákveðinn
Sunnudagur 10. febrúar kl. 15:55
Enski boltinn: Everton – Arsenal
Sunnudagur 10. febrúar kl. 22:00
NBA: Stjörnuleikurinn í beinni

Stöð 2

Laugardagur 9. febrúar kl. 14:45
Enski boltinn: Ipswich Town – Liverpool

Flateyri

Skylt að fjarlægja eignir

Bæjarlögmaður Ísafjarðarbæjar hefur komist að þeirri niðurstöðu að Ísafjarðarbæ sé hvorki skylt að leysa til sín eignir Olíudreifingar ehf. á Flateyrarodda né heldur að gera lóðarleigusamning við væntanlegan eiganda að hluta eignanna.

Um er að ræða eldneytisgeymi og 70 m² timburskúr sem Græði sf. gerði tilboð í en fyrirtækið hugðist fjarlægja eldneytisgeyminn af lóðinni en nýta skúrinn sem véla- og tækjaaðstöðu. Þar sem eignirnar eru inni í nýju skipulagi á Flateyri hefur Ísafjarðarbær forkaupsrétt að þeim, en samkvæmt samþykktu deiliskipulagi er gert ráð fyrir að bæði mannvirkin verði fjarlægð. Hafði Olíudreifing ehf. óskað eftir því við Ísafjarðarbæ að tekin yrði afstaða til þess hvort bæjarfélagið ætlaði að nýta sér forkaupsrétt á eignum fyrirtækisins á Flateyrararodda.

Máli sínu til stuðnings vísar bæjarlögmaður í 26.gr.rg. nr. 35/1994 þar sem segir: „Þegar geymir er tekinn úr notkun skal eigandi hans ganga frá honum á þann hátt að umhverfinu stafi ekki hætta af. Fullnægjandi frágangur felst ýmist í að grafa geymi upp og fjarlægja ásamt öllu því sem honum tilheyrir eða tæma hann, gera hann gasfrían og fylla upp með óvirku efni. Eftirlitsaðili skal meta hvort frágangur geymis sé með ofangreindum hætti."

netið

Hver eru uppáhalds bókamerkin þín á Netinu?
Hermann Hermannsson, starfsmaður Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar svarar:

,,bb.is er númer eitt hjá mér og ég byrja daginn á því að líta þar inn. Vinnu minnar vegna fer ég líka reglulega inn á **firehouse.com** til að nálgast ýmsan fróðleik. Þá fer ég minnst einu sinni á dag inn á **vedur.is** til að fylgjast með veðrinu. Að sjálfsögðu nota ég **flugur.is**, vefinn hans Stefáns Jóns en þar er mikill fróðleikur um stangveiði. Og svona að lokum til að segja satt þá kíki ég líka á **mbl.is** og **visir.is** en voðalega lítið.

fréttir

Dvöldu nætur-langt í vefhefli

Tveir starfsmenn Vegagerðarinnar eyddu síðastliðnu föstudagskvöldi í veghefli á Eyrarfjalli í Ísafjarðardjúpi þar sem þeir treystu sér ekki að halda lengra sökum dimmviðris og ófærðar. Sátu þeir þar fastir þar til fór að birta að morgni laugardagsins en þá voru þeir sóttir á vélsleða og komust til báðir til síns heima þrátt fyrir afleitt veður. Að sögn Geirs Sigurðssonar, rekstrarstjóra Vegagerðarinnar á Ísafirði, lagði Stefán Sigmundsson upp frá Látrum á traktor með tönn eftir hádegi á föstudag til þess að losa þrjá bíla sem sátu fastir á Hestakleifinni. Eftir að hafa séð eftir bílunum niður í Mjóafjörðinn lagði hann af stað heimleiðis en lenti fljótlega útaf veginum og festist. „Mennirnir voru með hita á heflinum og mat, eins voru þeir í stöðugu símasambandi við verkstjórann hér", segir Geir og bætir við að mennirnir hafi skipst á að sofa. Því hafi dvölin verið með besta móti miðað við aðstæður.

ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: bb@bb.is • Verð kr. 200 m/vsk

Hæstiréttur dæmir Ísafjarðarbæ bótaskyldan vegna heilsutjóns konu

Æfing slökkviliðsins fór úr böndum í desember 1993

Hæstiréttur dæmdi í síðustu viku Ísafjarðarbæ skaðabótaskyldan gagnvart tæplega fimmtugri konu vegna heilsutjóns sem hún varð fyrir við bruna á Ísafirði í desember 1993 sem Slökkvilið Ísafjarðar efndi til í æfingaskyni.

Hæstiréttur staðfesti með þessu niðurstöðu Héraðsdóms Vestfjarða frá í maí í fyrra en eldur læsti sig í íbúðarhús konunnar við æfingu slökkviliðsins. Úrskurðaði Hæstiréttur að Ísafjarðarbæ bæri auk þess að borga konunni samtals 1.250.000 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í málinu var deilt var um skaðabótaskyldu vegna líkamstjóns sem konan varð fyrir þegar æfing slökkviliðsins fór úr böndunum. Hafði slökkviliðið um tíma ekki ráðið við eldinn og eldtungur staðið að húsi konunnar sem var í einungis 4 metra fjarlægð frá því húsi sem kveikt var í á æfingunni. Þjáðist konan í kjölfarið af þunglyndi og kvíðaröskun.

Talið var að slökkviliðið hafi sýnt af sér gáleysi við undirbúning og framkvæmd æfingarinnar, m.a. með því að kveikja eld í íbúðahverfi án sérstakra verklegra ráðstafana, auk þess sem misbrestur hafði orðið á því að tilkynna konunni um æfinguna.

Af læknisfræðilegum gögnum og framburði í málinu þótti Hæstarétti ráðið með öruggri vissu að konan hafi orðið fyrir áfallastreituröskun við eldsvoðann og hlotið varanlegt heilsutjón af. Var því sannað að orsakatengsl væru milli atburðarins og heilsutjóns hennar.

Þá þótti umrætt heilsutjón einnig sennileg afleiðing eldsvoðans, þar sem konan hafi haft réttmæta ástæðu til að telja sjálfa sig, heimili sitt og eigur í bráðri hættu er hún vaknaði við umræddar aðstæður. Engu máli var talið skipta í því sambandi, þótt svo kynni að verða metið eftir á að henni hafi ekki í raun verið búin raunveruleg hætta.

Björn Jóhannesson hdl., á Ísafirði flutti málið fyrir hönd konunnar í Hæstarétti.

Vestfirðir

Banaslys á Gemlufallsheiði

Banaslys varð á Gemlufallsheiði síðdegis í föstudag. Lögreglan á Ísafirði fékk tilkynningu í gegnum Neyðarlínuna kl. 16:15 um að bifreið væri utan vegar á Gemlufallsheiði, nánar tiltekið rétt ofan við bæinn Kirkjuból í Bjarnadal í Önundarfirði.

Lögregla, sjúkrabifreið og læknir fóru strax á vettvang. Mikill veðurhamur er í Bjarnadal og á Gemlufallsheiði, hvassviðri og bylur. Átti björgunarlið í erfiðleikum með að komast á vettvang sökum þess. Er björgunarlið kom á staðinn var ljóst að ökumaður sem var einn í bifreiðinni var látinn.

Hin látni hét Sófus Oddur Guðmundsson og var búsettur á Þingeyri. Hann lætur eftir sig eiginkonu og þrjú börn á aldrinum 6 til 19 ára. Í fréttatilkynningu frá lögreglunni á Ísafirði segir að allt bendi til að snörp vindhviða hafi feykt bifreiðinni, sem Sófus Oddur ók, út af veginum, en hún hafnaði nokkra tugi metra fyrir neðan veginn.

Jarðvegssýni tekin vegna fyrirhugaðrar nýbyggingar Byggðasafnsins

Sex milljónum úthlutað til byggingarinnar í ár

Í síðustu viku voru tekin jarðvegssýni voru tekin í Neðstakaupstað á Ísafirði þar sem fyrirhugað er að reisa nýtt húsnæði fyrir Byggðasafn Vestfjarða. Svæðið á þeim hluta eyrarinnar er uppfylling og segir Jón Sigurpálsson, forstöðumaður Byggðasafns Vestfjarða, nauðsynlegt að vita hvernig jarðvegurinn sé samsettur til að hægt sé að gera viðeigandi ráðstafanir áður en hafist verður handa við að steypa grunn væntanlegrar nýbyggingar. Það voru þeir Hjörleifur Stefánsson arkitekt og Gunnar Ólafsson verkfræðingur sem höfðu umsjón með sýnatökunni en sá fyrrnefndi hefur gert frumdrög að sýningarhúsi og geymslum fyrir Byggðasafnið í Neðstakaupstað.

Gunnar Ólafsson, Hjörleifur Stefánsson og Jón Sigurpálsson við sýnatökuna niðri í Neðstakaupstað.

Í drögunum er gert ráð fyrir að hið nýja sýningarhús verði austan við Tjöruhúsið þar sem verður aðalinngangur inn á safnsvæðið og í sýningarhúsið. Það verður í tveimur álmum, hornréttum hvor á aðra, en syðst í húsalengjunni verður safngeymsla og á milli hennar og eldsmiðjunnar verður geymsluport þar sem koma má fyrir safnmunum og byggingarefni. Svigrúm verður fyrir síðari tíma aukningu við geymsluna syðst og austast á svæðinu. Húsið verður á steinsteyptum undirstöðum, gert úr timbri og verður stærð þess, útlit og allt yfirbragð mótað þannig að það falli sem best að gömlu húsunum, t.d. er gert ráð fyrir að það verði málað með olíumálningu í sama lit og Tjöruhúsið en á þökum verður rennisúð úr tjörusoðnum borðum.

Segir Jón að það hafi verið árið 1993 sem byrjað var að undirbúa byggingu nýs húss í Neðstakaupstað til að bæta aðstöðu safnsins en af ýmsum ástæðum hafi framkvæmdir dregist, ekki síst þó vegna skorts á fjármagni. Á fjárlögum fyrir þetta ár fékk Byggðasafni Vestfjarða úthlutað sex milljónum til nýbyggingar og er nú verið að skoða hvernig best er að ráðstafa þeim peningum.

Austurhlið safnsvæðisins og fyrir miðju er hið fyrirhugaða sýningar- og geymsluhúsnæði.